


**BERGUR THOMAS ANDERSON**

*Afslappaður og skemmtilegur fatastíll*

• tíska

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS

**LOGI BERGMANN**

*Besti sjónvarpsmaður landsins*

**föstudagur**

FYLGIR Í DAG




**ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR**

*Leikur í Grafarþögn*

Baltasar leitar að ómenni og fatlaði stelpu

FÓLK 34




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. apríl 2009 — 86. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR



**Dularfullt aprílgabb**

Þórhallur Gunnarsson fórnarlamb í grimmum hrekk í Efstaleiti.

FÓLK 26

**Heilagar kýr**

„Til að byggja auðinn upp aftur, það er safna eignum og grynnka á skuldum, þarf þjóðin að draga úr útgjöldum," skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 16

**Innilegt, fallegt og djúpt**



Ragnheiður Steindórsdóttir leikkona les Passíusálma í Seltjarnarneskirkju á föstudaginn langa.

TÍMAMÓT 18

**Chelsea vann á Anfield**



Chelsea og Barcelona unnu sigra í Meistaradeild Evrópu í gær.

ÍÞRÓTTIR 29

**VEÐRIÐ Í DAG**




**MILT SYÐRA** Í dag verður stíf norðaustan átt á Vestfjörðum annars mun hægari. Rigning suðaustan til og síðar sunnan til, él á hálendinu og nyrst á Vestfjörðum. Hiti víðast 0-8 stig mildast syðst.

VEÐUR 4

# Björgólfar í milljarðaábyrgð

**Björgólfsfeðgum hefur verið stefnt vegna 5 milljarða skuldar við Nýja Kaupþing. Feðgarnir eru persónulega ábyrgir fyrir láninu sem Samson tók vegna kaupa á Landsbankanum. Kaupverð bankans var 11,2 milljarðar.**

**VIÐSKIPTI** Björgólfi Guðmundssyni, fyrrverandi formanni bankaráðs Landsbankans, og Björgólfi Thor Björgólfssyni, syni hans, hefur verið stefnt vegna vangoldinnar skuldar upp á fimm milljarða króna við Nýja Kaupþing. Skuldin er til komin vegna kaupa Samsonar, eignarhaldsfélags þeirra feðga, á Landsbankanum fyrir sjö árum.

Feðgarnir eru í persónulegum ábyrgðum vegna skuldarinnar og því verður gengið að eignum þeirra sjálfra fáist ekki upp í kröfuna. Standi annar ekki undir ábyrgð fellur hún á hinn. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að feðgunum hafi verið send stefna um miðjan mars, eða fyrir um þremur vikum Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Nýja Kaupþings, segir bankann ekki tjá sig um einstök mál.

Skuldin varð upphaflega til í tengslum við kaup Björgólfsfeðga á 45,8 prósenta hlut ríkisins í Landsbankanum í október 2002. Kaupverðið nam rúmum ellefu milljörðum króna. Ekki er ljóst hve stór hluti skuldarinnar er höfuðstóll og hve vextir eru háir. Líkt og áður segir er skuldin í dag rúmir fimm milljarðar króna.

Björgólfur Guðmundsson var formaður bankaráðsins allt frá því Samson tryggði sér kjölfestuhlutinn og þar til ríkið tók hann til sín á ný. Við ríkisvæðinguna átti félagið tæpan 42 prósenta hlut í bankanum.

Ljóst þykir að Björgólfur Guðmundsson á ekki eignir til að standa undir ábyrgðinni. Björgólfur Thor á eignir erlendis auk þess að vera stærsti hluthafi í Actavis hér á landi.

Ljóst er hins vegar að krafan mun ekki verða greidd auðveldlega upp. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hafa viðræður átt sér stað um uppgjör skuldarinnar en engu skilað.

Samson eignarhaldsfélag er skráð hér og því heyrir skuldin við félagið undir Nýja Kaupþing en ekki skilanefnd gamla bankans. Það var íslenskt innheimtufyrirtæki sem stefndi feðgunum.

Feðgarnir skulda því íslenska ríkinu fimm milljarða króna vegna bankakaupanna árið 2002, þrátt fyrir að bankinn hafi verið greiddur að fullu á sínum tíma.

Ásgeir Friðgeirsson talsmaður Björgólfsfeðga, sagði þá ekki vilja tjá sig um málið að svo stöddu.

- kóp / jab



**Í SUNDI** Gestum á sundstöðum í Reykjavík hefur fjölgað mikið á þessu ári og eru þeir um þriðjungi fleiri en á sama tíma í fyrra. Flestir koma í Laugardalslaugina, enda stærsta laugin með rýmsta afgreiðslutímann. Þessir gestir laugarinnar geta líka borið að aðbúnaður er til fyrirmyndar og gott að fá sér sundsprett í Laugardalnum og slaka svo á í pottunum. Sjá síðu 2 FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Oscar Bjarnason hönnuður:

## Í sérstöku uppáhaldi hjá New York Times

**FÓLK** „Þetta er hugmynd að lógói nýja turnsins sem á að byggja á svæðinu þar sem Tvíburaturnarnir stóðu," segir Oscar Bjarnason, en New York Times birti í gær tillögur nokkurra grafískra hönnuða, sem eru í sérstöku uppáhaldi hjá blaðinu, að vörumerki 1 World Trade Center. Hönnunarstjóri New York Times fékk Oscar til að koma með tillögu að leigubílamerkingum í borginni árið 2007. Nú ákvað blaðið að endurtaka leikinn og fékk Oscar til að koma með tillögu að merki 1 World Trade Center eins og ákveðið hefur verið að nefna háhýsið, sem verður það hæsta í New York-borg.



OSCAR BJARNASON

-jma/sjá síðu 34

Fyrrum formaður Sjálfstæðisflokksins axlar ábyrgð á tugmilljóna króna styrkjum:

# Harmar viðtöku 55 milljóna

**FJÁRMÁL** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, harmar að flokkurinn hafi tekið við 55 milljóna króna styrkjum sem Geir H. Haarde, fyrrum formaður, þáði fyrir hönd flokksins frá FL-Group og Landsbankanum í desember 2006.

Í yfirlýsingu til fjölmiðla í gær segist Geir hafa talið styrkveitingu FL-Group, að upphæð 30 milljónir króna, vera komna frá mörgum aðilum. Um afrakstur söfnunarátaks hafi verið að ræða til að rétta af fjárhag flokksins, sem hafi verið samkvæmt reglum um fjármál stjórnmálaflokka sem þá var unnið eftir. Í annarri yfirlýsingu sem Geir sendi frá sér í gær axlar hann jafnframt ábyrgð á að hafa þegið 25 milljóna króna styrk frá Landsbankanum á sama tíma.

Ný forysta hyggst skila fénu, sem var niðurstaða tveggja tíma fundar miðstjórnar flokksins í gær vegna málsins. Bjarni Benediktsson, formaður flokksins, segir viðtöku fjárins stangast gróflega á við þau gildi sem hann vilji að Sjálfstæðisflokkurinn starfi eftir.

- shá / sjá síðu 6



GEIR H. HAARDE



BJARNI BENEDIKTSSON










## SPURNING DAGSINS



*Jón Benjamín, býstu við að fólk kveiki á Álperunni?*

„Ég vona að fólk álasi mér ekki fyrir uppátækið, heldur verði þetta frekar til að upplýsa það fyrir kosningar.“

Peðið, leikfélag Grand Rokks, frumsýnir á föstudag verkið Álperan eftir Jón Benjamín Einarsson trésmið. Þetta er áttunda verkið sem Jón semur fyrir leikfélagið.

Taprekstur sem ekki hefur sést í 14 ár hjá Alcoa og nær yfir tvo ársfjórðunga:

# Alcoa tapar hálfum milljarði dala

**VIÐSKIPTI** Bandaríski álrisinn Alcoa, sem meðal annars rekur álverið á Reyðarfirði, tapaði 497 milljónum Bandaríkjadala, jafnvirði rúmra 63 milljarða íslenskra króna, á fyrsta fjórðungi ársins. Fyrirtækið skilaði uppgjörinu í fyrrakvöld en það er líkt og fyrri ár það fyrsta í uppgjörstíðinni vestan hafs sem skilar sér í hús.



KLAUS KLEINFELD

Þetta er annar fjórðungurinn í röð sem Alcoa skilar tapi en það hefur ekki gerst í fjórtán ár. Alþjóðakreppan skýrir tapið að nær öllu leyti en mjög hefur dregið úr eftirspurn eftir áli víða um heim. Það hefur skilað sér í því að álverð hafði ekki verið lægra um áraraðir um síðustu aldamót.

Á sama tíma í fyrra hagnaðist álrisinn um 303 milljónir dala.

Alcoa hefur unnið að hagræðingu innan fyrirtækisins, meðal annars lækkað laun, dregið úr rekstrarkostnaði og selt eignir. Þar á meðal er eignahlutur í ál- og námafyrirtækinu Rio Tinto. Bloomberg hefur eftir Klaus Kleinfeld, forstjóri Alcoa, í gær, að stefnt sé að því að hagræðingaraðgerðir skili fyrirtækinu 400 milljónum dala á ári. **- jab**



**ÁLVER ALCOA-FJARÐAÁLS** Alcoa hefur gripið til aðgerða í sparnaðarskyni, svo sem launalækkunar og sölu eigna. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Póst- og fjarskiptastofnun:

## Varar við Trójuhestum netsins

**UPPLÝSINGATÆKNI Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) ítrekar mikilvægi þess að nota viðurkenndar veiruvarnir í tölvur og að stýrikerfi og önnur forrit séu alltaf með nýjustu uppfærslum.**

**Í tilkynningu PFS kemur fram að undanfarið hafi borið á svokölluðum Trójuhestum sem fylgist með tölvunotkun. „Um er að ræða sérstakar tegundir sem dreifa sér í gegnum Veraldarvefinn og virðast miða að því að komast yfir viðkvæmar persónuupplýsingar,“ segir PFS og bendir á að veirur, njósnahugbúnaður, upplýsingastuldur og fjársvik á Netinu verði sífellt þróaðri.** **- óká**

# Greiðslujöfnun lána í stað niðurfellingar

**Samkomulag hefur náðst um greiðslujöfnun myntkörfulána. Leiðin kemur í stað afskrifta skulda, sem viðskiptaráðherra segir að hefði sett nýtt fjármálakerfi í hættu. Leiðin er til viðbótar öðrum úrræðum sem lög leyfa.**

**FJÁRMÁL** Stjórnvöld, Samtök fjármálafyrirtækja og skilanefnd SPRON hafa undirritað samkomulag sem tryggir greiðslujöfnun myntkörfulána af húsnæði, til samræmis við sambærilegar aðgerðir vegna verðtryggðra lána. Markmiðið er að lækka greiðslubyrði lántakenda án þess að skuldir verði afskrifaðar úr bankakerfinu eða að verulegur kostnaður falli á stjórnvöld.

Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra segir lausnina koma í staðinn fyrir skuldaafskriftir. „Þetta er svar við þeirri umræðu, til dæmis um 20 prósent niðurfellingarleið. Að mati ríkisstjórnarinnar er þetta ábyrg leið þar sem hún bæði kemur til móts við þarfir lántaka og hefur þann augljósa kost að hún stefnir ekki nýja íslenska fjármálakerfinu í hættu“, segir viðskiptaráðherra. „Ef við grípum til vanhugsaðra aðgerða eins og að afskrifa mikið af eignum þeirra, þá verður endurreisnin mjög endasleppt.“ Gylfi segir að afstaða ríkisstjórnarinnar um flata niðurfellingu á skuldum sé óbreytt, hún komi ekki til greina.



GYLFI MAGNÚSSON

Samkvæmt samkomulaginu skulu fjármálastofnanir bjóða þeim sem tóku myntkörfulán til húsnæðiskaupa greiðslujöfnun sem tekur mið af þróun tekna og atvinnustigs í stað gengisþróunar gjaldmiðla. Þetta er sambærilegt úrræði og var kynnt í nóvember fyrir lántakendur verðtryggðra lána, og telja stjórnvöld að sanngirni sé gætt á milli lántakaenda eins og kostur er.

Samkomulagið er háð samþykkt samkeppnisyfirvalda. Gylfi telur ekki ástæðu til að halda að Samkeppniseftirlitið hafi eitthvað við samkomulagið að athuga enda tryggi leiðin neytendum lágmarksréttindi án þess að útiloka að fjármálafyrirtækin bjóði aðrar leiðir, þessari til viðbótar. „Það verður áfram samkeppni um viðskiptavini, óháð þessu samkomulagi, sem við auðvitað viljum.“

Samkomulagið snertir ekki á öðrum myntkörfulánum, eins og lánum vegna bifreiðakaupa. „Við horfum fyrst og fremst á íbúðalán. Það er forgangsatriði og algjörlega óþolandi að fjölskylda óttist að hafa ekki þak yfir höfuðið. Við munum af öllum mætti tryggja að sem fæstir lendi í slíkum vandræðum,“ segir Gylfi.

Samkomulagið gildir til ársins 2012, en þá telur Gylfi að efnahagslífið verði tekið að hjarna verulega við. Tilmæli ríkisstjórnarinnar um frystingu myntkörfulána falla úr gildi, við undirritun samkomulagsins.

**svavar@frettabladid.is**

### DÆMI UM GREIÐSLUJÖFNUN LÁNA

| DÆMI A | | DÆMI B | |
|---|---|---|---|
| **Dollari, pund, svissneskur franki, japanskt jen og evra.** | | **Svissneskur franki og japanskt jen.** | |
| Upphafleg lánsupphæð 2005: | 6.826.000 | Upphafleg lánsupphæð 2005: | 6.826.000 |
| Höfuðstóll 28. febrúar: | 12.358.000 | Höfuðstóll 28. febrúar: | 13.747.354 |
| Hækkun á höfuðstól: | 81,0% | Hækkun á höfuðstól: | 101,5% |
| Fyrsta greiðsla: | 37.600 | Fyrsta greiðsla: | 31.182 |
| Greiðsla 1. feb. 2009: | 59.200 | Greiðsla 1. feb. 2009: | 66.769 |
| Hækkun greiðslubyrði: | 57,4% | Hækkun greiðslubyrði: | 114,1% |
| Greiðsla samkvæmt samkomulaginu: | 48.000 | Greiðsla samkvæmt samkomulaginu: | 50.772 |
| Lækkun á greiðslubyrði: | -18,9% | Lækkun á greiðslubyrði: | -23,9% |

- Greiðslujöfnunin tryggir að skuldari veit ætíð hversu há næsta greiðsla lánsins er, ólíkt því sem gerist þegar miðað er við gengi á hverjum tíma.
- Mismunur á því sem hefði átt að greiða og því sem í raun og veru er greitt færist aftan við lánstímann og leggst þannig við höfuðstól lánsins.
- Greiðslan tekur breytingum í samræmi við greiðslujöfnunarvísitölu sem kynnt var í nóvemer 2008. Með þessum hætti birtast sveiflur á gengi ekki lengur beint í greiðslubyrði í hverjum mánuði, heldur í lengd lánstímans.



**BLÁFJÖLL** Þúsundir manna geta ekki beðið eftir því að komast á skíði um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Allir á skíði um páskana:

## Veður hagstætt til útivistar

**PÁSKAFRÍ** **Veðurspá páskahelgarinnar lofar góðu fyrir þá sem hyggjast njóta útivistar. Ríkjandi verða hægar norðlægar áttir með smá snjókomu fyrir norðan og vestan. Smá snjókoma gæti verið á stöku stað.**

**Skíðafólk ætti að fá kjöraðstæður. Páskaopnun er í Bláfjöllum og víðs vegar fyrir norðan og vestan. Á páskadag klukkan. 13 verður páskamessa í Bláfjöllum í umsjón sr. Pálma Matthíassonar. Í Oddskarði er auglýst páskafjör frá fimmtudegi til mánudags svo eitthvað sé nefnt.** **- shá**

Útgáfa Fréttablaðsins:

## Kemur næst út á laugardag

Fréttablaðið kemur næst út á laugardag og síðan ekki fyrr en á þriðjudag. Afgreiðsla blaðsins er lokuð þangað til á þriðjudag. Þjónustuver er opið frá 10 til 22 alla daga nema páskadag, en þá er lokað klukkan 18.

Alþingismenn í páskafrí:

## Koma saman að loknu fríi

**ALÞINGI** Þingfundi var slitið í síðasta skipti fyrir páska í gærkvöldi en þá stóðu enn yfir umræður um stjórnskipunarlög. Ljóst er að málið verður tekið upp að nýju eftir páska, en átta þingmenn Sjálfstæðisflokks voru enn á mælendaskrá þegar þingi var slitið um kvöldmatarleytið.

Ástæða þess að fundi var slitið á þessum tiltekna tíma er að borgarafundur í Suðvesturkjördæmi var að hefjast, en þinghaldi hefur verið frestað undanfarna daga vegna kostningaútsendingar Rúv. **- shá**



**SNJÓKARLINN** Ekki vantar snjókarlinn á Ráðhústorginu svarta pípuhattinn sem ku vera nauðsynlegur slíkum fírum.

Snjókarl fær andlitslyftingu:

## Páskaævintýri á Akureyri

**MENNING** Snjókarlinn á Ráðhústorginu á Akureyri fékk andlitslyftingu í vikunni, en hlýindi undanfarinna daga fóru illa í hann. Stúlkur í 4. flokki Þórs í fótbolta flikkuðu upp á kallinn, með aðstoð foreldra og starfsmanna bæjarins.

Nú stendur yfir páskaævintýri á Akureyri og fjölbreytt dagskrá í boði. Á morgun verður keppni í samhliða svigi í Gilinu og hefst hún klukkan 19.30. Á laugardaginn verða listaverk unnin úr stórum ísklumpum í Gilinu undir stjórn Hallgríms Sigurðssonar og kollega hans frá Friðriki V. Herlegheitin hefjast klukkan 14. **- kóp**


# Velferð aldraðra gengur fyrir!

70,8% þjóðarinnar vilja að lífeyrissjóðirnir hafi heimild til að byggja og reka húsnæði fyrir eldri borgara sem greitt hafa í sjóðina.



íslenskur ríkisborgari

Við viljum endurskoðun á lífeyrissjóðakerfinu strax. Yfir 19.000 manns hafa þegar skrifað undir, stefnum á 25.000. Lífeyrissjóðirnir eru okkar eign!

**www.okkarsjodir.is**


Þriðjungsfjölgun gesta í sundlaugar það sem af er ári:

# Horfa björtum augum til sumarsins

**TÓMSTUNDIR** „Við horfum björtum augum til sumarsins með þessar tölur fyrir framan okkur,“ segir Logi Sigurfinnsson, forstöðumaður Sundlaugarinnar í Laugardal. Alls heimsóttu 41.526 fleiri gestir laugina fyrstu þrjá mánuði ársins en sömu mánuði á síðasta ári, sem er um 33 prósenta aukning milli ára. Gestum fjölgaði í öllum sundlaugum Reykjavíkur á sama tíma.

Langmest fjölgaði heimsóknum í Laugardalslaugina, enda stærsta laugin með rýmsta afgreiðslutímann. Tæpir 60.000 gestir heimsóttu laugina í mars á þessu ári, en gestir voru tæplega 51.000 í sama mánuði í fyrra.

Logi segist himinlifandi yfir þessum aðsóknartölum. „Við erum mjög ánægð með þetta. Starfsfólkið finnur vel fyrir þessari fjölgun, því það er umferð í lauginni allan daginn,“ segir Logi. Hann bætir við að gjaldskráin í laugarnar hafi ekkert hækkað á þessu ári. Sú ákvörðun gæti haft sitt að segja því fólk sæki í auknum mæli í ódýra afþreyingu. Hann segir starfsfólk laugarinnar verða vart við fjölgun innlendra sem og erlendra gesta.

Tæplega 13.000 fleiri gestir sóttu Árbæjarlaug fyrstu þrjá mánuði ársins en á sama tíma í fyrra. Gestum í Grafarvogslaug fjölgaði um rúmlega 11.000, rúmlega 9.000 fleiri heimsóttu Breiðholtslaug og ríflega 5.000 fleiri gestir lögðu leið sína í Sundhöllina. **-kg**



**GOTT Í SUNDI** Hressir krakkar skemmtu sér í Laugardalslauginni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Kringlan
Opið 13–17 í dag
Páskar
Afgreiðslutími um páskana
Skírdagur 13–17
Föstudagurinn langi lokað
Laugardagur 10–18
Páskadagur og annar í páskum lokað
Kringlan óskar ykkur gleðilegra páska! | www.kringlan.is | Sími 517 9000
Komdu í heimsókn

**GENGIÐ 08.04.2009**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,63 | 127,23 |
| Sterlingspund | 186,43 | 187,33 |
| Evra | 167,71 | 168,65 |
| Dönsk króna | 22,505 | 22,637 |
| Norsk króna | 18,829 | 18,939 |
| Sænsk króna | 15,396 | 15,486 |
| Japanskt jen | 1,2661 | 1,2735 |
| SDR | 188,85 | 189,97 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
205,3746

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Alls hafa 260 lík fundist við leit í rústum húsa á hamfarasvæðinu í Abruzzo-fjallahéraðinu á Mið-Ítalíu:

# Hughreystingarorð Berlusconis gagnrýnd

**ÍTALÍA, AP** Eftirskjálftar héldu áfram að skelfa íbúa hamfarasvæðisins á Mið-Ítalíu, þar sem harður jarðskjálfti aðfaranótt mánudags varð að minnsta kosti 260 manns að bana. Tugþúsundir hírast í neyðartjöldum í svölu fjallavorlofti Abruzzo-héraðs, fólk sem annaðhvort hefur misst heimili sín eða þorir ekki að dvelja í húsi sínum af ótta við að það hrynji í næsta eftirskjálfta. Benedikt XVI páfi sagðist vilja heimsækja fólkið eins fljótt og auðið er.

Skrifstofa Páfagarðs upplýsti að páfi myndi fara á vettvang strax eftir páska; hann vildi ekki valda truflun á björgunarstarfi sem enn þá stendur yfir.

Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, varðist gagnrýni í gær eftir að hann hafði látið svo ummælt að fólk sem hefur þurft að flýja heimili sín af völdum hamfaranna ætti að reyna að njóta þess að gista í tjaldi eins og um tjaldútilegu væri að ræða, og það ætti að nota tækifærið og fara á ströndina. Að beiðni stjórnvalda hafa hótel á Adríahafsströndinni verið rýmd fyrir flóttafólkið.

Berlusconi sagði sig hafa ætlað að hughreysta fólk með þessum orðum sínum; reyna að benda á björtu hliðarnar þegar tilveran



**Á VETTVANGI** Silvio Berlusconi, með hjálm slökkviliðsmanns, kynnir sér stöðu björgunarstarfsins í L'Aquila, héraðshöfuðborg Abruzzo-héraðs. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

virtist grimm. Ummælin lét hann falla í heimsókn í einar tjaldbúðirnar á jarðskjálftasvæðinu. Frá því skjálftinn reið yfir hefur hann farið daglega í slíkar heimsóknir og flogið yfir svæðið í þyrlu til að glöggva sig frekar á ástandinu.

Í viðbrögðum við gagnrýni á orð sín sagði hann: „Ég vil ekki að andrúmsloft svartsýni, neikvæðni, sjúkdóma og dauða“ hafi yfirhöndina meðal fólks sem hefur um sárt að binda eftir hamfarirnar.

Hann upplýsti annars að nú væri staðfestur fjöldi látinna kominn í 260 og þar af væru 16 börn. Ekki hefði enn tekist að bera kennsl á níu lík. Fimmtán manna væri enn saknað. Leit héldi áfram. **- aa**



**LANDSBANKINN** Skilanefndir setja sig upp á móti hámarksstarfstíma nefndanna.

Skilanefnd Landsbankans:

## Segist ekki hóta uppsögn

**VIÐSKIPTI Páll Benediktsson, talsmaður skilanefndar Landsbankans, vísar því á bug að nefndin hafi hótað uppsögn fari stjórnarfrumvarp um slitameðferð fjármálafyrirtækja óbreytt í gegnum Alþingi líkt og greint var frá í Markaðnum í gær.**

**Skilanefndirnar setja sig upp á móti svokölluðu sólarlagsákvæði í frumvarpinu en þar er gert ráð fyrir sex mánaða hámarksstarfstíma skilanefnda frá gildistöku laganna. Þá verði slitastjórnir settar yfir nefndirnar. Telur skilanefnd Landsbankans að hún missi við það umboð sitt til samninga um eignir gamla bankans og því farsælast að hún víki strax, verði frumvarpið að lögum.** **- jab**

**ÁRÉTTING**

Tekið skal fram að í dómsorði Hæstaréttar varðandi sumarbústað sem systrum hefur verið gert að rífa í Grímsnesi segir ekki að þær hafi byggt húsið vitandi að byggingaleyfi sem þær höfðu fengið yrði fellt úr gildi heldur sagði dómurinn einungis að þeim hefði mátt vera það ljóst.

**LEIÐRÉTTING**

Ofurhlaupararinn Ágúst Kvaran lenti í níunda sæti í sínum aldursflokki í Sahara-maraþonhlaupinu en ekki því 19. eins og fram kom í blaðinu í gær.

# Ríkisstjórnin með öruggan meirihluta

**Stuðningur við ríkisstjórnarflokkana eykst samkvæmt könnun Fréttablaðsins og er nú 61,4 prósent. Aðrir flokkar en fjórflokkarnir ná ekki manni á þing. Framsóknarflokkurinn bætir við sig fylgi. Frjálslyndir áfram í frjálsu falli.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Fylgi Sjálfstæðisflokksins dalar talsvert samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Flokkurinn mælist með 24,8 prósenta fylgi nú, en 29,1 prósents fylgi í könnun sem gerð var fyrir tveimur vikum. Munurinn er 4,3 prósent.

Yrðu niðurstöður þingkosninga í samræmi við könnunina næðu sextán frambjóðendur Sjálfstæðisflokks kjöri, en flokkurinn er með 25 þingmenn í dag. Flokkurinn var með 36,6 prósenta fylgi í síðustu kosningum, og mælist því langt undir kjörfylgi.

Vinstri græn bæta við sig fylgi milli kannana. Flokkurinn mælist með 28,1 prósents fylgi nú, en 25,8 prósent sögðust styðja flokkinn fyrir tveimur vikum. Kjörfylgi flokksins var 14,3 prósent. VG fengi miðað við þetta nítján þingmenn kjörna, en er með níu í dag.

Samfylkingin eykur fylgi sitt lítillega, og nýtur samkvæmt könnuninni fylgis 33,3 prósenta landsmanna. Fyrir tveimur vikum mældist fylgi flokksins 31,7 prósent. Samfylkingin er talsvert yfir kjörfylgi, sem var 26,8 prósent. Flokkurinn fengi 22 þingmenn yrðu þetta niðurstöður kosninga en er með 18 í dag.

Ríkisstjórnarflokkarnir eru samanlagt með 61,4 prósent fylgi og 41 þingmann af 63. Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar sem myndaður var eftir síðustu kosningar var með 63,4 prósenta fylgi og 43 þingmenn.

Framsóknarflokkurinn fengi 9,9 prósent atkvæða yrðu niðurstöður kosninga í samræmi við könnun Fréttablaðsins. Fyrir tveimur vikum mældist fylgi flokksins 7,5 prósent. Flokkurinn er enn undir kjörfylgi, sem var 11,7 prósent. Flokkurinn næði sex mönnum á þing yrðu þetta niðurstöður kosninga, en er með sjö í dag.

Aðrir flokkar myndu ekki ná manni á þing.

Frjálslyndi flokkurinn dalar enn, og mælist með fylgi eins prósents landsmanna. Borgarahreyfingin fengi 1,7 prósent atkvæða samkvæmt könnuninni og Lýðræðishreyfingin fengi eitt prósent atkvæða.

Hringt var í 800 manns þriðjudaginn 7. apríl, og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var; Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til kosninga nú? Þeir sem voru óákveðnir voru spurðir; Hvaða lista er líklegast að þú myndir kjósa? Þeir sem enn voru óákveðnir voru spurðir; Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Alls tóku 77,1 prósent afstöðu til spurningarinnar. **brjann@frettabladid.is**

### Fylgi stjórnmálaflokkanna

Samkvæmt könnunum Fréttablaðsins frá kosningum 2007 til 7. apríl 2009.




Enn af Múhameðsteikningum:

## Skopmynd fjölfölduð til sölu

**DANMÖRK, AP Dönsk samtök sem berjast fyrir tjáningarfrelsi hafa nú látið prenta 1.000 eintök af þekktustu skopteikningunni af Múhameð spámanni, sem birtist í Jótlandspóstinum haustið 2005. Hver mynd er nú til sölu fyrir 1.400 danskar krónur, andvirði um 25.000 íslenskra.**

**Frá þessu greindi í gær Lars Hedegaard, formaður samtakanna. Um er að ræða teikningu sem sýnir skeggjaðan Múhameð með túrban í formi sprengju með logandi kveikiþræði. Hedegaard segir tilganginn með útgáfunni nú þann sama og fyrr; „við erum að nýta okkur tjáningarfrelsið.“** **- aa**



**MARIJÚANA** Marijúanapakkning fannst í bíl á Blönduósi.

Fíkniefnamál á Blönduósi:

## Fundu 400 grömm af grasi

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglumenn á Blönduósi fundu pakkningu sem innihélt 400 grömm af marijúana í bíl í fyrrakvöld. Er þetta með stærri fíkniefnamálum sem komið hafa upp á Blönduósi.

Pakkningin fannst þegar bíll var stöðvaður við reglubundið eftirlit í bænum. Mennirnir tveir, sem í bílnum voru, þóttu grunsamlegir. Því var leitað í bílnum. Mennirnir, báðir á þrítugsaldri, voru handteknir og færðir á lögreglustöð en sleppt eftir að annar þeirra hafði viðurkennt að eiga efnið. Ökumaðurinn er einnig talinn hafa ekið undir áhrifum. **- sh**


BETRA START MEÐ EXIDE-RAFGEYMUM

Eigum fyrirliggjandi mikið úrval rafgeyma frá Exide, ýmsar stærðir og gerðir fyrir bíla, báta og önnur tæki. Gæðaframleiðsla sem reynst hefur afar vel við íslenskar aðstæður.




EXIDE

olís

Upplýsingar í síma 515 1100
Sendið pantanir á pontun@olis.is


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**PÁSKAVEÐRIÐ**

Almennt má segja að norðlægar áttir hafi undirtökin í veðrinu næstu daga. Það þýðir að búast má við vægu frosti á norðurhelmingi landsins, en mildara veðri sunnan til. Í dag verður væta suðaustan til og stöku él á Vestfjörðum. Á morgun og hinn verða él nyrðra og eystra. Á páskadag verður úrkomulítið þó helst suðaustan til og á Vestfjörðum.




**FÖSTUDAGURINN LANGI**
8-15 m/s hvassast SA og A til.

**LAUGARDAGUR**
3-10 m/s hvassast austast.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 14° |
| Amsterdam | 18° |
| Basel | 22° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 12° |
| Eindhoven | 18° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 12° |
| Kaupmannahöfn | 12° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 14° |
| New York | 16° |
| Orlando | 26° |
| Osló | 12° |
| París | 19° |
| Róm | 19° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



Páskagreinar
699kr
10stk.
Páskaliljur
799kr
Páskaliljur
í potti
399kr
potthlíf fylgir ekki með
Páskaheimur
í Blómavali
Sýpris (100sm)
999kr
Páskakrýsi
979kr
ÚTSALA
ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR
EGG
SKÚTUVOGI
Begonía
699kr
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Reykjanesbær - Kringlan - Smáralind

**KJÖRKASSINN**



*Horfðir þú á eldhúsdagsumræðurnar á Alþingi?*

| | |
|---|---|
| Já | 23,2% |
| Nei | 76,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Vilt þú að aflaheimildir verði innkallaðar og kvótakerfið lagt af?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir styrk FL Group til Sjálfstæðisflokksins óverjandi í alla staði:

# Sjálfstæðismenn sviku hina flokkana

**STJÓRNMÁL** „Ef þetta er rétt er þetta með ólíkindum,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra um þrjátíu milljóna styrk FL Group til Sjálfstæðisflokksins í desember 2006.

Styrkurinn var greiddur fjórum dögum áður en lög tóku gildi á Alþingi sem takmörkuðu fjárstuðning við stjórnmálaflokka við 300 þúsund krónur. Stjórnmálaflokkarnir unnu saman að þeim lögum, og leiddu þau til þess að fjárframlög hins opinbera til flokkanna voru hækkuð.

„Ég hafði satt best að segja ekki hugmyndaflug til að láta mér detta í hug að þá færu einhverjir flokkar þannig að, að þeir sæktu sér milljónatugi til fyrirtækja á laun rétt fyrir áramót og þægju svo eftir áramótin hækkaðan ríkisstyrk,“ segir Steingrímur.

> Ég hafði satt best að segja ekki hugmyndaflug til að láta mér detta í hug að þá færu einhverjir flokkar þannig að, að þeir sæktu sér milljónatugi til fyrirtækja á laun.
>
> STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON
> FJÁRMÁLARÁÐHERRA

„Mér finnst þetta alveg ofboðslegt, ég verð bara að segja það eins og er,“ segir hann. „Mér finnst þetta nánast svik við það samstarf sem við áttum um að taka nú loksins til í þessu kerfi, koma þessum hlutum upp á yfirborðið og höggva á þessi óheilsusamlegu tengsl sem allir vissu að áður voru milli sérstaklega tiltekinna stjórnmálaflokka og atvinnulífsins. Mér finnst þetta eiginlega óverjandi í alla staði.“

Steingrímur segir að eðlilegast væri ef Sjálfstæðisflokkurinn endurgreiddi styrkinn og upplýsti um aðra sambærilega. Það ættu aðrir flokkar einnig að gera. - bþs, sh



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** Fjármálaráðherra furðar sig á styrkjum til Sjálfstæðisflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**SKIPIÐ** Maersk Arun, systurskip Maersk Alabama, sem nú er aftur á valdi áhafnarinnar eftir að sjóræningjar tóku það.

Maersk-skip undan A-Afríku:

## Áhöfn yfirbugaði sjóræningja

**KENÍA, AP** Bandarísk áhöfn gámaflutningaskips dönsku Maersk-útgerðarinnar yfirbugaði í gær sómalska sjóræningja sem áður höfðu náð skipinu á sitt vald, úti fyrir Horni Afríku, að sögn embættismanns í bandaríska varnarmálaráðuneytinu. Ástandið mun þó enn eldfimt því sjóræningjarnir höfðu skipstjóra skipsins með sér frá borði sem gísl. Unnið var að lausn hans í gærkvöldi. - aa/óká

**LÖGREGLUMÁL**

### Þjófur í gæsluvarðhald

Héraðsdómur hefur úrskurðað þrítugan karlmann í þriggja vikna gæsluvarðhald. Maðurinn er grunaður um fjölda innbrota á höfuðborgarsvæðinu. Hann var handtekinn í gærmorgun grunaður um að hafa notað stolinn pallbíl til að brjóta sér leið inn í þrjár verslanir á höfuðborgarsvæðinu. Þá er hann grunaður um að koma við sögu í nokkrum fjölda annarra innbrota.

**TÉKKLAND**

### Fischer í stjórnarforystu

Jan Fischer, sem fram til þessa hefur verið forstjóri hagstofu Tékklands, hefur verið valinn til að fara fyrir bráðabirgðaríkisstjórn sem halda mun um stjórnartaumana fram að kosningum í október. Hann tekur við af Mirek Topolanek níunda maí næstkomandi. Stjórn Topolaneks tapaði vantraustsatkvæðagreiðslu á þingi fyrir skemmstu.



**FRAMKVÆMDASTJÓRASKIPTI** Kjartan Gunnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, segist ekki hafa vitað af styrknum. Andri Óttarsson framkvæmdastjóri varð ekki við beiðni Fréttablaðsins um viðtal. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Geir axlar ábyrgð á tugmilljóna styrkjum

**Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að endurgreiða styrki frá FL-Group og Landsbankanum að upphæð 55 milljónir króna. Nýr formaður harmar að flokkur hans hafi tekið við fénu, sem var afrakstur söfnunarátaks flokksins.**

**STJÓRNMÁL** Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, segist hafa samþykkt að taka við 30 milljóna króna styrk frá FL-Group og 25 milljóna króna styrk frá Landsbankanum. Hann segist einn bera ábyrgð á þeirri ákvörðun.

Sjálfstæðisflokkurinn þáði styrkina nokkrum dögum áður en lög um fjárreiður stjórnmálaflokkanna tóku gildi en þar segir að framlög frá lögaðilum og einstaklingum megi að hámarki vera 300 þúsund krónur, en markmiðið með því er að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og tryggja gagnsæi í fjármálum stjórnmálaflokkanna. Styrkirnir voru afrakstur söfnunarátaks til að rétta af fjárreiður flokksins.

Geir, sem var fyrsti flutningsmaður frumvarpsins sem tók gildi 1. janúar 2007, segist hafa samþykkt styrkinn frá FL-Group í þeirri trú að um væri að ræða styrk frá mörgum sem fyrirtækið ætlaði að koma til skila. Geir skýrir ekki framlagið frá Landsbankanum en ný forysta flokksins hefur ákveðið að báðir styrkirnir skuli endurgreiddir, eins og kemur fram í tilkynningu sem send var frá flokknum seint í gærdag.

Þar segist formaðurinn Bjarni Benediktsson harma að Sjálfstæðisflokkurinn hafi veitt styrkjunum viðtöku. „Það stangast gróflega á við þau gildi sem ég vil að Sjálfstæðisflokkurinn starfi eftir“, segir hann. Hann hefur kallað eftir því að bókhald flokksins frá árinu 2006 verði opnað. Hann skorar á aðra stjórnmálaflokka að gera hið sama, í þeim tilgangi „að eyða öllum vafa um óeðlileg framlög í aðdraganda lagasetningarinnar um fjármál stjórnmálaflokka.“

Spurð um styrki sem veitt var viðtaka á tímabilinu fram að samþykkt laganna fram að gildistöku þeirra, segir Drífa Snædal, framkvæmdastýra Vinstri grænna, að flokkurinn hafi tekið við einnar milljón króna styrk frá Samvinnutryggingum á tímabilinu. Það hafi enn fremur verið eini styrkurinn sem flokkurinn tók við á árinu sem var hærri en hálf milljón.

Þáverandi og núverandi framkvæmdastjóri Frjálslynda flokksins eru sammála um að afar ólíklegt sé að háir styrkir hafi verið veittir flokknum á tímabilinu. Heildarstyrkir til flokksins árið 2006 námu alls 3,6 milljónum. Ekki fengust upplýsingar um málið frá Samfylkingu og Framsóknarflokki þrátt fyrir umleitanir. svavar@frettabladid.is stigur@frettabladid.is


CISV international
building global friendship

EINSTAKT TÆKIFÆRI FYRIR 11 ÁRA BÖRN

CISV hefur verið starfandi á Íslandi í tæp 30 ár og sent yfir 1.000 þátttakendur út um allan heim.
Örfá pláss eru laus í sumarbúðir fyirr 11 ára gömul börn til Kanada - British Colombia - 1 pláss fyrir stelpu Kórea - Seoul - 1 pláss fyrir stelpu Noregur - Trondheim - 1 pláss fyrir strák á Akureyri og nágrenni Mexikó - Mexikó City - 1 pláss fyrir stelpu

Sumarbúðirnar eru í 4 vikur og í þeim eru 12 hópar frá jafnmörgum löndum. Hver hópur samanstendur af tveimur stelpum, tveim strákum og fararstjóra.
Í sumarbúðunum er mikið um leiki, þau kynnast menningu og siðum ólíkra þjóða og svo er farið í vettvangsferðir á áhugaverðar slóðir í kringum búðirnar.

**Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu félagsins www.cisv.org, á netfanginu cisv@cisv.is eða í síma 861 1122 (Ásta).**





Jóhanna segir styrk FL-group til Sjálfstæðisflokksins ótrúlega háan:

# Vill létta leynd af styrkjum

**STJÓRNMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir, formaður Samfylkingarinnar, mun beita sér fyrir því að leynd verði létt af fjárstyrkjum til Samfylkingarinnar, ríki einhver leynd yfir þeim. Svo geti verið að í einhverjum tilfellum hafi aðilar veitt styrki með leynd í huga, en leitað verði til þeirra og óskað eftir að leyndinni verði aflétt.

„Ég tel að það eigi að birta slíka styrki og það eigi að vera gegnsæi í því og Samfylkingin eigi að vera sjálfri sér samkvæm í því. En það má vera, og ég þarf að kanna það, að á því séu einhverjir annmarkar sem lúta að því að áður en lögin voru samþykkt hafi styrkirnir verið veittir undir því fororði að nöfn styrktaraðila yrðu ekki birt.“ Sé svo verði aðilar beðnir að aflétta trúnaði.

> Þetta sýnir það hvað var mikilvægt að fara út í það sem ég hef barist fyrir í 10 til 12 ár á þingi að hafa opið og gegnsætt bókhald hjá flokkunum.
>
> JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR
> FORSÆTISRÁÐHERRA

Jóhanna segir 30 milljón króna styrk FL-group ótrúlega háan. „Þetta sýnir það hvað var mikilvægt að fara út í það sem ég hef barist fyrir í 10 til 12 ár á þingi að hafa opið og gegnsætt bókhald hjá flokkunum. Sem betur fer komst það í gegn árið 2007 þannig að þetta ætti ekki að geta komið fyrir aftur. En þetta sýnir að það hefði fyrir löngu átt að vera búið að opna bókhald flokkanna.“ - kóp



**OPIÐ BÓKHALD** Jóhanna mun beita sér fyrir því að leynd verði létt af styrkveitendum Samfylkingarinnar, sé svo að einhverjir hafi óskað eftir leynd. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Opið um páskana



| | | |
|---|---|---|
| **Skírdagur** | **OPIÐ til kl. 24:00**<br>Skeifunni og Garðabæ | **OPIÐ til kl. 20:00**<br>Holtagarðar, Smáralind, Spöng, Akureyri, Eiðistorg og Kringlan |
| **Föstudagurinn langi** | **LOKAÐ, opnar á miðnætti í**<br>Skeifunni og Garðabæ | |
| **Laugardagur** | **OPIÐ til kl. 24:00**<br>Skeifunni og Garðabæ | **OPIÐ til kl. 20:00**<br>Holtagarðar, Smáralind, Spöng, Akureyri, Eiðistorg og Kringlan |
| **Páskadagur** | **LOKAÐ, opnar á miðnætti í**<br>Skeifunni og Garðabæ | |
| **Annar í Páskum** | **OPIÐ allan sólarhringinn**<br>Skeifunni og Garðabæ | **OPIÐ til kl. 20:00**<br>Smáralind, Spöng, Akureyri og Eiðistorg. LOKAÐ í Kringlunni og Holtagörðum |




**Smjörsprautað kalkúnaskip**
tilbúið beint í ofninn!




**Páskalæri Hagkaups**
að hætti landsliðs matreiðslumeistara

Sérvalið lambalæri marinerað í ólífuolíu, sítrónu, fersku rósmaríni og hvítlauk.




**Hamborgarhryggur Hagkaups**
að hætti landsliðs matreiðslumeistara

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað eru aðildarríki Sameinuðu þjóðanna mörg?*
2. *Hver tekur við embætti forsætisráðherra Danmerkur?*
3. *Hver hefur tekið við þjálfun norska kvennaliðsins Levanger?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Forseti Venesúela:

## Boðar nýja heimsskipan

**PEKING, AP** Hugo Chavez, forseti Venesúela, segir að tveggja daga opinber heimsókn hans til Peking í vikunni sé hluti af undirbúningi nýrrar heimsskipunar (e. new world order).

Forsetinn, sem er eindreginn gagnrýnismaður Bandaríkjastjórnar, fundaði með Hu Jianto, forseta Kína og leiðtoga kommúnistaflokksins, á miðvikudag. Chavez hélt því fram við fréttamenn að völd heimsins væru að snúast frá Bandaríkjunum og yfir til landa á borð við Íran, Japan og Kína. „Heimsveldi Bandaríkjanna er hrunið,“ sagði Chavez. - kg



CHAVEZ

# Evrópusambandið undirstaða velferðar

**Samfylkingin vill bráðaaðgerðir í atvinnumálum og skapa forsendur fyrir afnámi gjaldeyrishafta. Taka eigi upp evru og fá stuðning seðlabanka Evrópu við krónuna fram að því. Hækka á vaxtabætur og auka möguleika á frystingu lána.**

**STJÓRNMÁL** Aðild að Evrópusambandinu og upptaka evru er lykilatriði í ábyrgri efnahagsstjórn, segir Jóhanna Sigurðardóttir, formaður Samfylkingarinnar. Samfylkingin kynnti í gær leiðir jafnaðarmanna í efnahags-, atvinnu- og velferðarmálum undir heitinu Skal gert. Fjöldi sérfræðinga aðstoðaði við samningu ritsins.

Jóhanna og Dagur B. Eggertsson varaformaður kynntu stefnuna í Norræna húsinu í gær. Dagur sagði staðsetninguna táknræna; það hefði sýnt sig að norræna módelið væri það sem gagnaðist fólki best. Flokkurinn hefur tekið saman tillögur um velferðarmál og kallar Velferðarbrú.

Jóhanna segir fjóra meginþætti vera í velferðartillögunum. Með greiðslujöfnun verði greiðslubyrði verðtryggðra lána 10 til 20 prósent lægri og greiðslubyrði gengistryggðra lána 40 til 50 prósent lægri. Vaxtabætur hækki um allt að 55 prósent og endurgreiðsla vaxta og verðbóta hækki um 2 milljarða með þeirri breytingu. Þessi tvö mál lágu fyrir þinginu í gær.

Að auki sagði Jóhanna að komið verði á fót möguleika á að frysta allar afborganir af lánum í þrjú ár og greiða bara vexti og verðbætur. Þá sé komið á fót greiðsluaðlögum þar sem skuldir séu afskrifaðar eða aðlagaðar greiðslugetu. Flokkurinn vill skapa sex þúsund störf, þar af 2.000 í orkufrekum iðnaði.



**STEFNAN KYNNT** Formaður og varaformaður Samfylkingarinnar kynntu stefnu Samfylkingarinnar í efnahags-, atvinnu- og velferðarmálum í Norræna húsinu í gær. Staðurinn var táknrænn því norrænt velferðarsamfélag var boðorð dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bæði lögðu þau ríka áherslu á Evrópusambandsaðild. Taka eigi upp evruna og fá aðstoð frá seðlabanka Evrópu þar til hægt sé að skipta gjaldmiðlinum út. Dagur sagði Evrópumál ekki bara vera fyrir Evrópusinna, heldur alla þá sem vilja kröftugt atvinnulíf og undirstöðu fyrir velferð til framtíðar.

Jóhanna sló út af borðinu hugmyndir um tvöfalda atkvæðagreiðslu og sagði ekki hægt að taka afstöðu fyrr en fyrir lægi hvaða samningar hefðu náðst. Jóhanna vill sækja um aðild að sambandinu fljótlega eftir kosningar. Jóhanna sagðist trúa því að hún og Steingrímur J. Sigfússon gætu samið um þessi mál eins og önnur í stjórnarsamstarfinu undanfarið.

Jóhanna vonar að Samfylkingin verði leiðandi í næstu ríkisstjórn í samstarfi við Vinstrihreyfinguna grænt framboð.

kolbeinn@frettabladid.is



**ÁREKSTUR** Ökumenn bílanna voru fluttir á sjúkrahús í Reykjavík. MYND/VILHJÁLMUR ROE

Suðurlandsvegi lokað:

## Tveir bílar ultu eftir árekstur

**SLYS Harður árekstur tveggja bíla varð við austari útkeyrsluna til móts við Hveragerði laust eftir klukkan 13.00 í gærdag. Ökumennirnir, sem voru einir í bílunum, voru báðir fluttir á sjúkrahús í Reykjavík. Báðir voru með meðvitund og ekki taldir alvarlega slasaðir.**

**Lögreglan á Selfossi segir um að ræða fólksbíl og sendibíl sem rákust saman, en þeir komu úr gagnstæðum áttum. Tildrög slyssins lágu ekki fyrir í gær. Suðurlandsvegi var lokað í um eina og hálfa klukkustund vegna árekstursins.** - kg

Rússneskar herflugvélar:

## Stjörnurnar áfram rauðar

**MOSKVA, AP** Hætt hefur verið við að breyta litnum á hinum rauðu stjörnum Sovéttímans sem prýða herflugvélar Rússlands. Rússneska þingið samþykkti í gær að hætta við breytinguna, en í desember var ákveðið að endurmála stjörnurnar í fánalitum Rússlands; rauðum, hvítum og bláum. - kg


# Opnunartími yfir páska

## Opið í dag frá 12 - 18



| | Mjódd | Hverafold | Salavegur | Glerártorg | Grindavík | Höfn | Reykjanesbær |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skírdagur | 12 - 18 | 12 - 18 | 12 - 18 | 12 - 18 | 12 - 18 | 12 - 18 | 10 - 18 |
| Föstud. langi | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað |
| Laugardagur | 10 - 18 | 10 - 18 | 10 - 21 | 10 - 18 | 10 - 18 | 10 - 18 | 10 - 18 |
| Páskadagur | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað |
| Annar í páskum | 12 - 18 | 12 - 18 | 12 - 18 | 12 - 18 | 12 - 18 | 12 - 18 | 12 - 18 |

www.netto.is

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

netto SPARNAÐUR

LAUSNIR FYRIR HEIMILIÐ

# Óverðtryggð íbúðalán eru nýr valkostur

Landsbankinn býður nú upp á nýjan valkost í lausnum fyrir heimilið, óverðtryggð íbúðalán með greiðsluaðlögun. Óverðtryggð íbúðalán henta þeim sem vilja greiða lán sín hraðar niður og forðast uppsöfnun verðbóta eða gengisáhættu.

Pantaðu ráðgjöf á landsbankinn.is,
í útibúinu þínu eða í síma 410 4000

Landsbankinn




410 4000 | landsbankinn.is

ENNEMM / SÍA / NM37574 NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080.

KYNNTU ÞÉR LAUSNIR LANDSBANKANS:

- GREIÐSLUJÖFNUN VERÐTRYGGÐRA ÍBÚÐALÁNA
- GREIÐSLUJÖFNUN ERLENDRA ÍBÚÐALÁNA
- FRESTUN GREIÐSLU AFBORGANA OG VAXTA
- FRESTUN VEGNA SÖLUTREGÐU
- SKULDBREYTING LÁNA
- FRESTUN AFBORGANA ÍBÚÐALÁNA Í ERLENDRI MYNT
- SKULDBREYTING SKAMMTÍMALÁNA
- ÓVERÐTRYGGÐ ÍBÚÐALÁN



**ÞÝSKIR NASHYRNINGAR** Nashyrningskálfurinn Naruna, í forgrunni, horfir út í heim í dýragarði í Hodenhagen í Norður-Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






# Vaxtarmöguleikar í vanræktum greinum

**VG telur mögulegt að skapa 16.900 - 18.700 ný störf á næstu árum. Steingrímur J. Sigfússon segir að flokkurinn skapi ekki störf eða lofi þeim heldur leggi til leiðir um hvernig fjölga megi störfum. Hann telur óvissu ríkja um álverið í Helguvík.**

**STJÓRNMÁL** Vinstri hreyfingin - grænt framboð hefur lagt fram greinargerð um hvernig skapa megi 16.900-18.700 ný störf á Íslandi á næstu árum. Af þeim eru 8.400-10.200 í ferðaþjónustu og tengdum greinum, hefðbundnum framleiðslugreinum og í nýsköpun og sprotastarfsemi. 2.500 eru hjá ríkinu, 2.000 eru umhverfistengd sumarstörf fyrir námsmenn og 4.000 eru afleidd störf í þjónustugreinum.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, segir að möguleg vaxtasvið atvinnulífsins hafi verið kortlögð og greint hvað þyrfti til svo störf gætu skapast. Ekki hafi verið sett krónutala á pakkann en horft til þess að ríkisútgjöld yrðu í lágmarki. „Þetta kallar á að Byggðastofnun, Nýsköpunarsjóður, Tækniþróunarsjóður og atvinnuþróunarfélögin hafi bolmagn til að sinna verkefnum en það er líka mjög góð fjárfesting.“ Þá komi til skattaívilnanir á sumum sviðum.

Steingrímur segir vaxtarmöguleika í mörgum greinum sem fram til þessa hafi verið vanræktar. Í þeim efnum horfir hann til skipaiðnaðar, úrvinnsluiðnaðar, ullar- og skinnaiðnaðar, húsgagnaframleiðslu og vatnsútflutnings svo nokkuð sé nefnt. Fjölgun starfa í þeim og fleiri greinum kalli á nýjan hugsunarhátt og skýra stefnu.

VG telur mögulegt að fjölga störfum í ferðaþjónustu um allt að 4.300. Það gerist með aukinni markaðssetningu, bættri nýtingu mannvirkja og áherslu á heilsutengda ferðaþjónustu. Þá sé hægt að skapa allt að 2.100 störf tengd nýsköpun og sprotastarfsemi en til þess þurfi stuðning sjóða og skattaívilnanir.

Einnig er horft til fjölgunar starfa hjá ríkinu, fyrst og fremst með tilflutningi fjárveitinga í mannaflsfrekar framkvæmdir og með endurskipulagningu í heilbrigðiskerfinu.

Steingrími mislíkar málflutningur pólitískra andstæðinga um atvinnumál. „Það fer í taugarnar á mér þegar stjórnmálaflokkar koma fram og telja sig þess umkomna að lofa störfum, að búa til störf, eins og þeir ætli að framleiða þau inni á skrifstofum eins og barmmerki. Þetta gerist ekki þannig.“ bjorn@frettabladid.is



**HÁLENDIÐ** VG telur mikla möguleika á fjölgun starfa í ferðaþjónustu. Bæði með auknu markaðssetningu Íslands í útlöndum og eins vegna tíðari ferðalaga Íslendinga um eigið land. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## HELGUVÍK Í ÓVISSU OG EFAST UM BAKKA

Steingrímur segir óskynsamlegt, sem aldrei fyrr, að reisa ný álver á Íslandi. „Og ég hef satt best að segja afar litla trú á að af þessum verkefnum verði, í öllu falli á Bakka.“

Spurður hvort hann telji jafnframt að ekki verði af framkvæmdum í Helguvík segist hann engu ætla að spá. „En já, ég held að það sé áfram mikil óvissa, bæði fjármögnun og orkuöflunin. Það mál var í raun frágengið og komið þangað sem það var komið þegar við komum að borðinu. Í tilviki Bakka er allt á bið og maður skynjar andrúmsloftið í kringum það mál þannig að það er mjög vaxandi vantrú á að það yfir höfuð verði.“



**HEITT Í HAMSI** Mótmælendur í Bangkok í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnmál í Taílandi:

## 100.000 manns mótmæla

**TAÍLAND, AP** Í kringum 100.000 manns söfnuðust saman á götum Bangkok í gær til að sýna stuðning sinn við kröfu um að forsætisráðherrann, Abhisit Vejjajiva, víki úr embætti. Mótmælendurnir fylktu liði að heimili aðalráðgjafa konungsins, en þeir saka hann um að hafa skipulagt valdarán árið 2006, sem velti þáverandi forsætisráðherra, Thaksin Shinawatra, úr sessi.

Þessi fjöldamótmæli eru erfiðasti hjallinn sem hin fjögurra mánaða gamla ríkisstjórn Abhisits hefur þurft að mæta, en hún er fjórða ríkisstjórnin í landinu síðan valdaránið var framið fyrir þremur árum. - aa

GARÐABÆR

### 68 óku of hratt

Alls voru 68 ökumenn staðnir að hraðakstri á þremur götum í Garðabæ í gær. Þar voru ómerktar lögreglubifreiðar sem eru með myndavélabúnað. Bifreiðarnar voru á Garðaflöt, Ásabraut og Karlabraut í Garðabæ. Á einni klukkustund eftir hádegi óku 66 prósent ökumanna of hratt eða yfir afskiptahraða á Garðaflöt.

### Hraðakstur á Ásabraut

Á Ásabraut í Garðabæ óku 53 prósent ökumanna of hratt á einni klukkustund fyrir hádegi, en fjórtán prósent ökumanna óku of hratt eða yfir afskiptahraða á Karlabraut.




Sjálfstæðismenn ósáttir við þingforseta:

# Segja Guðbjart breyta þingvenjum

**ALÞINGI** Sjálfstæðismenn gagnrýndu Guðbjart Hannesson þingforseta við upphaf þingfundar í gær fyrir að umturna venjum í þinginu með því að hefja fundinn ekki á óundirbúnum fyrirspurnum eða umræðum um störf þingsins. Þess í stað var farið beint í umræður um breytingar á stjórnarskránni.

Ásta Möller sagðist myndu vilja beina fyrirspurn til heilbrigðisráðherra um mögulega aðkomu lífeyrissjóða að fjármögnun nýs sjúkrahúss og Pétur H. Blöndal sagðist vilja spyrja fjármála- og viðskiptaráðherra hvort þeir byggju yfir upplýsingum um það hvers vegna gengi krónunnar hefði farið lækkandi síðustu daga. **- sh**



GUÐBJARTUR HANNESSON



MYND/LHS

**TF-GNÁ** Þyrluleit er kostnaðarsöm aðgerð.

Tilkynnt um neyðarblys:

# Þyrla send í óþarfa leit

**ÖRYGGISMÁL** Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-GNÁ, var send til leitar vegna tilkynningar um neyðarblys á lofti norður af Eiðistorgi. Þyrlan var við næturæfingar við Straumsvík með björgunarskipinu Einari Sigurjónssyni og var fljót á staðinn. Beiðnin var afturkölluð þegar fjarskiptamiðstöð lögreglunnar hafði haldbærar sannanir fyrir því að um flugeld frá landi var að ræða. Sneri þyrlan þá aftur og var lokið við næturæfinguna.

Þetta er þriðja tilfellið á tveimur mánuðum sem þyrla LHG er kölluð út til leitar vegna skotelda frá landi. Ekki gera allir sér grein fyrir því að neyðarblys eru mjög mikilvægt öryggistæki fyrir sjófarendur og utan hins hefðbundna flugeldatímabils þarf að sækja um sérstakt leyfi til að skjóta upp skoteldum. LHG lítur það alvarlegum augum þegar senda þarf þyrlu til leitar vegna atvika eins og þessara. **- shá**



Gjafabréf gildir í tvö ár frá útgáfudegi.



## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**Fjöldi viðskipta:** 25 — **Velta:** 84 milljónir

**OMX ÍSLAND 15** 219 **+0,02%**

**OMX ÍSLAND 6** 642 **+0,22%**

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| MAREL | +3,90% | EIMSKIP | -20,00% |
| | | BAKKAVÖR | -3,20% |
| | | ÖSSUR | -0,67% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,30 +0,00% ... Atlantic Airways 171,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 251,00 +0,00% ... Bakkavör 1,21 -3,20% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 0,80 -20,00% ... Føroya Banki 126,50 +0,00% ... Icelandair Group 5,00 +0,00% ... Marel Food Systems 42,60 +3,90% ... Össur 89,50 -0,67%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Svigrúm er til meiri lækkunar stýrivaxta

**EFNAHAGSMÁL** Viðskiptaráð Íslands telur nægt svigrúm til frekari lækkunar stýrivaxta.

Í áliti ráðsins er bent á að verðbólga hafi hjaðnað skarpt, húsnæðisverð fari lækkandi, hagvísar bendi til mikils samdráttar, atvinnuleysi aukist hratt og launaþrýstingur sé lítill. „Eini óvissuþátturinn hvað varðar verðbólguþróun virðist því vera gengi krónunnar.“


**FINNUR ODDSSON** Finnur er framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

Viðskiptaráð segir háum vöxtum væntanlega ætlað að draga úr hvata til að fara á svig við gjaldeyrishöftin. „Hér er þó um tvíeggja sverð að ræða enda leiða hærri stýrivextir til aukinna vaxtagreiðslna úr landi og þar með aukins þrýstings á gengi krónunnar.“ Í ljósi þess að gjaldeyrishöft eigi ekki að vera hér varanleg lausn segir Viðskiptaráð að stjórnvöld ættu, í samvinnu við Seðlabankann, að leggja á það þunga áherslu að móta trúverðuga áætlun um hvernig sköpuð verði skilyrði til að aflétta höftunum.

- óká

# Vextir jöklabréfa lítið tengdir stýrivöxtum

**Vextir svonefndra jöklabréfa eru ekki nema að litlu marki tengdir stýrivöxtum Seðlabankans, að mati seðlabankastjóra. Bankinn lækkaði stýrivexti í gær.**


**SEÐLABANKASTJÓRARNIR** Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri og Svein Harald Øygard seðlabankastjóri við kynningu á vaxtaákvörðun peninganefndar Seðlabanka Íslands í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Stýrivextir Seðlabankans voru lækkaðir um 1,5 prósentustig, í 15,5 prósent, á aukavaxtaákvörðunardegi í gær. Formaður peningastefnunefndarinnar, Svein Harald Øygard, seðlabankastjóri kynnti ákvörðunina ásamt Arnóri Sighvatssyni aðstoðarseðlabankastjóra og Þórarni G. Péturssyni aðalhagfræðingi.

Mat peningastefnunefndarinnar er að tæplega níu prósenta veiking á gengi krónunnar, sem orðið hafi frá síðustu vaxtaákvörðun, sé ekki til komin vegna vaxtaákvörðunarinnar. „Lækkun krónunnar virðist mega rekja til tímabundinna þátta, til dæmis tiltölulega mikilla árstíðabundinna vaxtagreiðslna af krónuskuldabréfum og innstæðum í eigu erlendra aðila. Þótt afgangur hafi verið á vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd ríkir enn mikil óvissa um viðskiptajöfnuðinn í heild. Að auki eru vísbendingar um að farið hafi verið í kringum gjaldeyrishöftin.“

Fram kom í máli seðlabankastjóranna að áhrif stýrivaxta á vaxtagreiðslur vegna jöklabréfa og þar með veikingu krónunnar hafi verið ofmetin. Þannig segir Svein Harald að vextir bréfanna séu ekki nema að litlum hluta tengdir stýrivöxtum. Arnór segir erfitt að meta áhrifin, enda ólíkir vextir á bréfunum. Minni vaxtagreiðslur verði hins vegar næstu tvo mánuði en verið hafi í mars. Nánari greiningu á áhrifum jöklabréfa verður svo að finna í þjóðhagsspá Seðlabankans í maí.

Arnór segir ákvarðanir peningastefnunefndar snúast um trúverðug skref og sýna þurfi bankanum dálitla þolinmæði. „Við endurmetum aðstæður eftir hverja vaxtaákvörðun og ef þróunin er með þeim hætti sem allt bendir til, að vaxtaákvarðanirnar hafi ekki neikvæð áhrif, þá er það vegvísir að næstu ákvörðun,“ segir hann, en áréttar um leið að engu sé hægt að lofa þar um. „Þær ráðast af þróun efnahagsmála, stöðugleika gengisins og að verðbólga haldi áfram að hjaðna. En það er rétt að eftir því sem verðbólga hjaðnar hraðar og gengið styrkist meira, þeim mun hraðar getum við lækkað vextina.“

Svein Harald leggur jafnframt áherslu á að horfa þurfi til fleiri þátta sem skýrist á næstu mánuðum. „Þeir snúa að endurskipulagningu fjármálakerfisins, áætlun um aðlögun ríkisútgjalda til miðlungslangs tíma og því að fá skýrari mynd af skuldastöðu ríkisins.“

Vaxtamunur milli krónunnar og helstu gjaldmiðla ætti, að sögn nefndarinnar, að gefa svigrúm til áframhaldandi hægfara slökunar peningalegs aðhalds. Þá sé verðbólguþrýstingur enn á undanhaldi, sem og væntingar fyrirtækja um verðbólgu. Í máli Þórarins G. Péturssonar kom þó fram að alþjóðlega hafi horfur versnað. Þannig spái OECD 12 prósenta samdrætti í milliríkjaverslun á þessu ári, en meiri samdráttur hafi ekki áður verið mældur.

olikr@frettabladid.is


Þú vilt góða yfirsýn.
Þess vegna er Vöxtur fyrir þig.
Vöxtur er Vildarþjónusta Kaupþings

ÍSLENSKA SIA.IS KAU 45513 04/09



Þú vilt vita hvar þú stendur. Hvernig landið liggur. Vöxtur treystir undirstöður þínar, tryggir þér góða yfirsýn á fjármálin og færir þér hagstæð kjör. Kynntu þér málið á **www.kaupthing.is** eða í síma **444 7000**.

KAUPÞING

Samfylkingin

# Við látum verkin tala

Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur setti sér metnaðarfull markmið fyrir heimilin og atvinnulífið fyrir 60 dögum. Öflug verkstjórn hefur skilað því að nær öll verkefnin hafa verið afgreidd. Höldum áfram. Kjósum vinnu, velferð og verkstjórn Jóhönnu.

### I. Aðgerðir í þágu heimila

- ✓ Velferðarvakt stofnuð í samráði við hagsmunaaðila.
- ✓ Greiðsluaðlögun innleidd, greiðslujöfnun gengistryggðra lána og frestun nauðungaruppboða í allt að sex mánuði meðan reynt er að tryggja búsetuöryggi til frambúðar. Gjaldþrotalögum breytt til að bæta stöðu skuldara.
- ✓ Tryggt að fólk sem skuldar fasteignalán í ríkisbönkunum njóti sömu greiðsluvandaúrræða og Íbúðalánasjóður veitir.
- ✓ Langtímaáætlun gerð um hvernig skuldavanda heimilanna verði frekar mætt. Staða mismunandi tekju- og aldurshópa metin, tillögur um fjármögnun, mat á kostnaði ríkissjóðs og áhrifum á fjármálastöðugleika.
- ✓ Nýting hluta séreignarsparnaðar til að mæta brýnum fjárhagsvanda heimiluð.

### II. Aðgerðir í þágu atvinnulífs

- ✓ Verkefni sem eru þjóðhagslega arðbær og krefjast mikillar vinnuaflsþátttöku sett í forgang. Lögð fram tímasett áætlun um opinberar framkvæmdir og útboð á árinu. [Áætlun í vinnslu]
- ✓ Heimildir Íbúðalánasjóðs til lána vegna viðhalds íbúðarhúsnæðis rýmkaðar.
- ✓ Virðisaukaskattur vegna vinnu við slík verkefni verði að fullu endurgreiddur.
- ✓ Ráðist í sértæk átaksverkefni og öflugar vinnumarkaðsaðgerðir til að vinna gegn atvinnuleysi.
- ✓ Leitað verður leiða til þess að örva fjárfestingu innlendra og erlendra aðila og sköpun nýrra starfa á almennum vinnumarkaði.
- ✓ Lánareglur LÍN geri atvinnulausum kleift að auka þekkingu sína og færni í stað þess að þiggja atvinnuleysisbætur. [Úthlutunarreglur í endurskoðun]
- ✓ Ný lög um Byggðastofnun til að efla útlánagetu. [Í vinnslu]
- ✓ Áhrif efnahagsástandsins á stöðu kynjanna metið svo jafnrétti verði leiðarljós við endurreisnina.

### III. Aðgerðir til að byggja upp fjármálakerfið og greiða úr vanda fyrirtækja

- ✓ Fjármálastofnanir greiði úr vanda lífvænlegra fyrirtækja á grundvelli gegnsærra og alþjóðlega viðurkenndra reglna. Gætt skal sanngirni og jafnræðis og sérstaklega hugað að virkri samkeppni.
- ✓ Verðmati nýju bankanna lokið sem fyrst samhliða endurfjármögnun. Eyða þarf óvissu sem hamlar starfseminni, svo sem með samningum við kröfuhafa, innlenda og erlenda, þ.m.t. vegna innstæðna.
- ✓ Nýju bönkunum sett útlánamarkmið fyrir árið til að örva hagkerfið. [Í vinnslu]

### IV. Endurreisn efnahagslífsins

- ✓ Framvinda efnahagsáætlunarinnar unnin með fulltrúa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Markvissra leiða leitað til að lækka vexti eins fljótt og kostur er. Tímasett áætlun gerð um rýmkun hafta. [Áætlun í vinnslu]
- ✓ Ábyrg stefna í ríkisfjármálum með varðstöðu um velferðarkerfið og grunnþjónustuna um leið og unnið er markvisst að jafnvægi útgjalda og tekna.

### V. Aukið lýðræði, jöfnuður og upplýsingar

- ✓ Víðtækt samráð við sveitarfélög, aðila vinnumarkaðarins og almenning í landinu.
- ✓ Nýjar siðareglur í Stjórnarráðinu. Ráðherra og æðstu embættismenn opinbera fjárhagslegar skuldbindingar og hagsmunatengsl.
- ✓ Eftirlaunalögin afnumin. Alþingismenn og ráðherrar falla undir almennar reglur um lífeyriskjör opinberra starfsmanna.
- ✓ Setning nýrra laga um skipan hæstaréttar- og héraðsdómara undirbúin.
- ✓ Lög um ráðherraábyrgð endurskoðuð.
- ✓ Unnið að breytingum á stjórnarskrá:
  - a) Auðlindir í þjóðareign. [Nú rætt á þingi]
  - b) Ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur. [Nú rætt á þingi]
  - c) Stjórnarskrá breytt með sérstakri þjóðaratkvæðagreiðslu. [Nú rætt á þingi]
- ✓ Stjórnlagaþing. [Nú rætt á þingi]
- ✓ Persónukjör gert mögulegt í alþingiskosningum. [Nú rætt á þingi]

### VI. Endurskipulagning í stjórnsýslu

- ✓ Skipulagi stjórnkerfisins breytt til að tryggja markvissari framkvæmd efnahagsaðgerða stjórnvalda og endurnýja traust á fjármálakerfi landsins.
- ✓ Ný yfirstjórn Seðlabanka Íslands með einum faglegum seðlabankastjóra og peningastefnuráði. Endurskoðun á peningamálastefnu hafin.
- ✓ Ný yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins og breytingar á yfirstjórn einstakra ráðuneyta. Erlendir sérfræðingar til liðs við FME.
- ✓ Könnun á rýmri lagaheimildum til kyrrsetningar eigna til verndar þjóðarhagsmunum.

### VII. Alþjóðasamningar og Evrópusamstarf

- ✓ Yfirlit um lántökur og heildarskuldbindingar þjóðarbúsins kynnt almenningi.
- ✓ Alþjóðlegir sérfræðingar ráðnir til aðstoðar við samninga um skuldir þjóðarbúsins, samninga vegna innstæðutrygginga, samskipti við erlenda kröfuhafa og endurreisn bankanna.
- ✓ Evrópunefnd skili skýrslu um mat á stöðu og horfum Íslands gagnvart samstarfi við Evrópu þjóðir og framtíðarhorfur í gjaldmiðilsmálum. [Verður kynnt um miðjan mánuðinn]



Vinna og velferð

XS

www.xs.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
OPIÐ Í DAG SKÍRDAG FRÁ KL.11-19
LOKAÐ Á MORGUN FÖSTUDAGINN LANGA
129
98
BÓNUS TÓMATSÓSA 450 ml 98 kr.
OG SÆTT SINNEP 450 ml 129 kr.
1498
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1498 kr./kg.
198
BÓNUS FETAOSTUR 250g 198 kr.
498
BÓNUS PYLSUR 10 STK
MERKT VERÐ 698 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR
489 kr./kg.
1798
ALI FERSKAR SKINNLAUSAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2998 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR
1798 kr./kg.
98
BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI
185 ml 10% & 18% 98 kr.
98
BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK 98 kr.
1679
ALI FERSKUR FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
M/SKINNI MERKT VERÐ 2798 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR
1679 kr./kg.
198
BÓNUS MAJONES 550ml 198 kr.
BÆÐI LÉTT OG VENJULEGT.
349
349
VÍNBER GRÆN & RAUÐ 349 kr./kg.
498
BÓNUS ELDHÚS 6 RÚLLUR
BÓNUS WC 18 RÚLLUR 498 kr.
129
BÓNUS BRAUÐ 1 kg 129 kr.
298
DILETTO KAFFI 400g
298 kr.
ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
20 ára BÓNUS 1989 - 2009
Holda KALKÚNN
949
FROSINN ÍSLENSKUR HOLDA KALKÚNN 949 kr./kg.
498
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR 498 kr./kg.
KS
1798
KS FERSKT LAMBAPRIME 1798 kr./kg.
KS
1359
KS FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM 1359 kr./kg.
Veislufugl
25%
AFSLÁTTUR
MÓA VEISLUFUGL M/FYLLINGU
25% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 1148 KR./KG.
861 kr./kg.
20 ára BÓNUS 1kg
Gleðilega páska
BÓNUS RISA-PÁSKAEGG
1 kg 1798 kr.
20 ára BÓNUS
LÆGSTA VERÐIÐ Í 20 ÁR
PEPSI
PEPSI & PEPSI MAX KIPPA
4 X 2 LTR. 398 kr.
KS
1078
KS LAMBLÆRI FROSIÐ 1078 kr./kg.
Ali
Hamborgar hryggur
Ali
1399
ALI NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR 1399 kr./kg.
FRISSI FRÍSKI
69
FRISSI FRÍSKI 1 ltr. 69 kr.
FRISSI FRÍSKI
FRISSI FRÍSKI
FRISSI FRÍSKI
69
FRISSI FRÍSKI
ÞRJÁR 250ML FERNUR 69 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Margþættur vandi Sjálfstæðisflokksins.

# Alvarlegur skortur á framtíðarsýn

**JÓN KALDAL SKRIFAR**

Sjálfstæðisflokknum ætlar að verða flest að óhamingju þessa dagana. Skoðanakannanir sýna hann næst minnstan fjórflokkanna og engin teikn eru á lofti um að fylgið sé að braggast. Þvert á móti reyndar. Samkvæmt glænýrri könnun, sem var gerð fyrir Fréttablaðið og Stöð 2, er stuðningur við flokkinn heldur að dala.

Var sú könnun gerð áður en tugmilljóna króna færslur FL Group og Landsbankans inn á reikninga í Valhöll komust í hámæli. Fastlega má gera ráð fyrir að þær æfingar verði Sjálfstæðisflokknum hvorki til álits- né fylgisauka.

Eitt vinsælasta umræðuefnið á yfirstandandi fermingaveislutímabili hefur verið ræða Davíðs Oddsonar á landsfundinum fyrir tæpum tveimur vikum. Þar kenndi foringinn fyrrverandi öllum öðrum en sér sjálfum og flokki sínum um vonda stöðu landsins. Nú hefur Sjálfstæðisflokkurinn fært þjóðinni nýtt umræðuefni fyrir þær fermingaveislur sem eftir eru, í sömu mund og uppistand Davíðs var orðið gamlar fréttir. Kosningaherráð flokksins hefur örugglega ekki reiknað með þessu á lokametrunum í baráttunni. Fortíðin ætlar sem sagt að reynast sjálfstæðismönnum fjötur um fót. Þeir losna ekki undan þeirri arfleið að nítján ára setu þeirra við stjórn landsins lauk með ósköpum í efnahagslífinu. Og ekki batnaði staðan eftir að kom í ljós að þeir þáðu þessa háu styrki frá tveimur af helstu þáverandi viðskiptablokkum landsins. Sérstaklega þegar haft er í huga að hrunið er ekki síst rakið til þess að stjórnvöld ákváðu að íþyngja viðskiptalífinu ekki um of með reglusetningum og eftirliti.

En fortíðin er þó ekki eini vandinn sem Sjálfstæðisflokkurinn glímir við þessa dagana. Alvarlegur skortur á framtíðarsýn er ekki minna vandamál. Sjálfstæðisflokkurinn virðist ekki vita hvað hann vill, aðeins hvað hann vill ekki. Aðild að Evrópusambandinu er þar efst á blaði. Liggur þó fyrir að meðal allra félaga og hagsmunasamtaka, sem sögulega hafa myndað helst bakland Sjálfstæðisflokksins, er sú skoðun ríkjandi að Ísland eigi að ganga í Evrópusambandið og taka upp evru. Enda hafa ekki komið fram aðrar trúverðugar lausnir á jafnvægisleysi í efnahagsmálunum til lengri tíma. Eina undantekningin er LÍÚ.

Þessi togstreita hlýtur að verða Sjálfstæðisflokknum erfið á næstu árum. Vissulega sýna kannanir að meirihluti þjóðarinnar er mótfallinn Evrópusambandsaðild þessa dagana. En út úr könnunum má líka lesa að yngra fólk er opnara fyrir Evrópu en það eldra. Í könnunum má einmitt sjá að Sjálfstæðisflokkurinn sækir sitt harða kjarnafylgi til þessara eldri kjósenda, sem eru hvað andsnúnastir Evrópusambandsaðild.

U-beygju Bjarna Benediktssonar í Evrópumálunum, í kjölfar formannskjörsins, má auðvitað rekja beint til þessarar stöðu. Ungi maðurinn, sem átti að vera fulltrúi nýja tímans, er því kominn í þá nöturlegu stöðu að vera í forystu fyrir flokk sem virðist þrá gamla tímann mest af öllu.

Ekki er síður skrýtið hlutskipti þess fólks sem vill að Ísland gangi í Evrópusambandið en ætlar að kjósa Sjálfstæðisflokkinn í kosningunum framundan. Þetta eru um fjórtán þúsund manns samkvæmt nýjustu könnunum. Hollustan ristir furðulega djúpt.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gruggug sjónarmið

Hér hafa ýmsir orðið til að tjá sig um efnahagsástandið. Hér var til dæmis gestur í þáttum og málþingum í vikunni John Perkins, sem frægastur er fyrir bók sem hann skrifaði og heitir „Confessions of an Economic Hit Man". Hann er meðal viðmælenda í myndinni Draumalandinu sem frumsýnd var í vikunni. Perkins geldur varhug við Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) og telur hann handbendi afla sem ásælist náttúruauðlindir og vinni að því bak við tjöldin að hneppa landið í skuldafangelsi. Íslendingar sem starfað hafa fyrir AGS hafa hins vegar ekkert viljað kannast við slík gruggug sjónarmið hjá sjóðnum, en líkast til verður hver að gera upp við sig hver trúverðugastur er í því máli.

### Fjölbreytt skrif

Til að glöggva sig á því kann að vera gagnlegt að kynna sér margvísleg önnur skrif Perkins, en fljótlegt er að galdra fram lista yfir bækur hans í netbókabúðum. Þar má finna titla á borð við „Shapeshifting: Techniques for Global and Personal Transformation", „The World Is As You Dream It: Teachings from the Amazon and Andes" og „Psychonavigation: Techniques for Travel Beyond Time". Sá síðastnefndi er forvitnilegastur, enda ekki á hvers manns færi að ferðast „út fyrir tímann". Hjá Amazon.com fær bókin fína dóma hjá þeim sem hana hafa lesið, fjórar og hálfa stjörnu af fimm mögulegum. Umsagnir skiptast þó í tvö horn, annaðhvort eru menn mjög hrifnir (sér í lagi af tengingum við fræði seiðmanna indíána), meðan aðrir hafa orðið fyrir vonbrigðum; þeir sem á annað borð kunni hugleiðslu læri þarna ekkert nýtt.







olikr@frettabladid.is

# Heilagar kýr



**ÞORVALDUR GYLFASON**
**Í DAG** | Næstu skref

Íslendingar hafa á liðnum árum leyft sér ýmislegan munað. Tökum landbúnaðinn. Halldór Kiljan Laxness, Gylfi Þ. Gíslason, Jónas Kristjánsson, Guðmundur Ólafsson og margir menn aðrir hafa hver fram af öðrum gagnrýnt búverndarstefnu stjórnvalda og talið hana of dýra fyrir neytendur og skattgreiðendur. Alþingi hefur alla tíð daufheyrzt við þessari gagnrýni á tveim forsendum. Önnur forsendan hvíldi á beinharðri og blákaldri pólitík: bændur höfðu meiri þingstyrk en neytendur, þótt neytendur séu margfalt fleiri en bændur. Hagur neytenda er dreifður í andstöðumerkingu við þjappaðan hag bænda. Kjördæmaskipanin með ójöfnu vægi atkvæða eftir búsetu reið baggamuninn. Hin forsendan var hagræn og kom síðar til sögunnar: menn hugsuðu margir sem svo, að eitt ríkasta land heims hlyti að geta leyft sér dýra búvernd innan um alla jeppana og annan lúxus.

### Þoturnar eru þagnaðar

Nú er síðari forsendan brostin í bili. Jepparnir streyma þúsundum saman úr landi. Tugþúsundir heimila eiga varla fyrir skuldum ef þá það. Fjölmörg fyrirtæki berjast í bökkum. Að vísu munu framleiðsla og tekjur á mann hér heima varla dragast langt aftur úr nálægum löndum í kreppunni, ef hagspár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og innlendra stjórnvalda ganga eftir. Þær gera ráð fyrir tíu prósenta samdrætti landsframleiðslunnar hér í ár á móti þriggja prósenta samdrætti í Bandaríkjunum og Evrópu og sex prósentum í Japan. Þetta segir samt ekki alla söguna, því að hún þarf einnig að ná yfir eignir og skuldir heimila og fyrirtækja. Aukning erlendra skulda vegna gengisfalls krónunnar og stórfelld rýrnun eigna heimila og fyrirtækja munu íþyngja Íslendingum næstu ár. Þjóðarauðurinn á bak við landsframleiðsluna er nú minni að vöxtum en hann var. Til að byggja auðinn upp aftur, það er safna eignum og grynnka á skuldum, þarf þjóðin að draga úr útgjöldum. Lífskjör almennings munu því rýrna bæði vegna tímabundins samdráttar í framleiðslu og tekjum og vegna þarfarinnar fyrir að spara meira en áður til að bæta fyrir eignatjónið af völdum hrunsins. Margir hugðust nota uppsveifluna til að drýgja grunnlífeyri elliáranna. Sumir munu kjósa að bæta sér ekki upp eignamissinn og bera skaðann síðar. Aðrir munu byrja strax að reyna að bæta skaðann. Hér blasir við gamall vandi í nýrri mynd: lífeyririnn lætur undan til að jafna metin. Á fyrri tíð át verðbólgan upp lífeyri landsmanna. Verðtrygging var þá leidd í lög, svo að lífeyrissjóðir gátu eflzt og venjulegt fólk átti þess kost að byggja upp viðbótarsparnað. Nú hefur viðbótarsparnaður almennings rýrnað verulega og einnig grunnlífeyririnn. Mestu skiptir þó, að mannauðurinn er óskertur og einnig framleiðslutækin og ýmsar auðlindir til sjós og sveita.

### Heilagar kýr á háum hælum

Búverndin hefur verið heilög kýr. Jafnvel Alþýðusambandið hefur ekki enn fengizt til að beita sér gegn búverndarstefnunni, þótt hún bitni harkalegast á þeim, sem lægst hafa launin. Heilögu kýrnar eru fleiri. Nú þarf að endurskoða þær fordómalaust í ljósi breyttra aðstæðna.

Tökum ESB og evruna. Margir andstæðingar aðildar hafa sagt sem svo, að Íslendingar hafi líkt og Norðmenn efni á að standa utan ESB. Þessi forsenda sýnist nú brostin. Hrunið hefur bætt tveim nýjum röksemdum í safn þeirra, sem telja, að hag Íslands sé bezt borgið innan ESB. Í fyrsta lagi höfum við ekki lengur sömu ráð og áður á að hafna þeim hagsbótum, sem myndu fylgja inngöngu í ESB: lægra matarverð, meiri samkeppni, lægri vextir. Heimilin í landinu verja um sjöttungi tekna sinna til matarkaupa, og þau þurfa nú á greiðum aðgangi að ódýrum mat að halda til að ná endum saman. Í annan stað þurfum við nú einnig að senda umheiminum skýr boð um, að við erum fús til að lúta þeim aga, sem fylgir fullri aðild að ESB: aga í fjármálum og peningamálum og einnig á öðrum sviðum. Lausbeizluð hagstjórn í nafni óskoraðs fullveldis hefur ekki reynzt vel. Við höfum sjálfstætt efnahagslíf fyrir röskum hundrað árum með íslenzka krónu, sem var þá jafnvirði danskrar krónu. Nú er gengið 22 íslenzkar krónur á móti einni danskri, og tókum við þó tvö núll aftan af gömlu krónunni, svo að gengið nú er í reyndinni 2200 íslenzkar á móti einni danskri. Það er ekki trúverðugt, hvorki innan lands né út á við, að standa nú í rústunum og strengja þess heit einu sinni enn, að héðan í frá ætlum við á eigin spýtur að halda gengi krónunnar stöðugu. Taflinu er lokið.

# Sjálfstæðisveldi eða lýðveldi

**UMRÆÐA**
Guðlaugur Kr. Jörundsson skrifar um kosningar



**GUÐLAUGUR KR. JÖRUNDSSON**

Við göngum til kosninga þann 25. apríl. Kjósendur eiga létt verk fyrir höndum. Valkostirnir hafa sjaldan eða aldrei verið jafn skýrir. Það verður kosið um gömlu lausnirnar eða nýjar lausnir. Það verður kosið um áframhaldandi veldi hagsmunasamtakanna í Sjálfstæðisflokknum eða ný valdahlutföll með almannahagsmuni að leiðarljósi. Það verður kosið um íhalds- og einangrunarstefnu Sjálfstæðisflokksins eða jafnaðar- og alþjóðastefnu félagshyggjuflokkanna. Það verður kosið um hagsmunamat LÍÚ og Bændasamtakanna gagnvart ESB eða um hagsmunamat almennings gagnvart ESB.

Það verður kosið um hvaða flokkur skuli leiða félagshyggjustjórn til nauðsynlegra verka. Næsta ríkisstjórn verður að endurheimta fullveldi Íslands frá EES með því að ganga inn í ESB og gera okkur á ný að sjálfstæðri og fullvalda þjóð í samfélagi þjóðanna. Við getum ekki hætt á að vera lengur vinalaus og einangruð eyja. Sjálfstæðisflokkurinn braut brýr að baki þjóðinni með viðhorfi sínu þegar varnarliðið var á förum. Alþjóðastefna Samfylkingarinnar er sú eina sem getur eflt samskipti okkar við útlönd.

Við urðum velmegandi þjóð á samskiptum við útlönd. Það er erlent fjárfestingarfé sem skapar þjóðinni möguleika til auðsköpunar. Það er því mikilvægara en nokkuð annað að hér verði komið á stöðugum gjaldmiðli. Eini gjaldmiðillinn sem er nothæfur fyrir Ísland er evran, m.a. vegna okkar miklu viðskipta inn á evrusvæðið. Krónunni verður að koma í skjól sem fyrst inn í ERM II, fordyri evrunnar. Fyrsta skrefið er stefnumarkandi ákvörðun um aðildarviðræður. Það að taka stefnuna í átt að evrunni mun veita okkur trúverðugleika á ný. Aðild að ESB er nauðsynleg til að verja okkur gegn frekari afglöpum íslenskra stjórnmálamanna við efnahagsstjórn.

Kjósendur geta nú sent frá sér skilaboð. Sjálfstæðisflokknum er ekki treystandi fyrir stjórn landsins. Sjálfstæðisflokkurinn fær ekki lengur að halda okkur frá ESB til þess að halda eigin völdum yfir íslenskri þjóð. Sjálfstæðisflokkurinn getur ekki lengur litið á sjálfan sig sem þjóðina og auðlindir hennar sem eigin eign. Kjósandi góður, veldu frjálst sjálfstætt Ísland í samfélagi þjóðanna og veittu Samfylkingunni atkvæði þitt þann 25. apríl.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

NÝTT!

# MERKJA OUTLET

## Stærsta Outlet landsins!

# KORPUTORGI

| Sundfatnaður | Dömufatnaður |
| Barnafatnaður | Herrafatnaður |
| Íþróttafatnaður | Skór | Töskur | DVD |

## Verðdæmi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Dömubolir | 695 | Herrabolir | 995 |
| Dömubuxur | 995 | Herraskyrtur | 1.495 |
| Dömublússur | 1.595 | Herrabuxur | 1.495 |
| Dömujakkar | 1.995 | Stakir jakkar | 2.995 |
| Kjólar | 1.995 | | |
| Dömuskór með háum hæl | 1.995 | | |
| Dömutöskur | 995 | Barnabolir | 495 |
| | | Strákaskyrtur | 695 |
| Arena sundskýlur, karla | 3.495 | Barnabuxur | 1.495 |
| Arena sundskýlur, stráka | 2.995 | Barnanáttföt | 995 |
| Arena sundbolir | 2.995 | Barnainniskór | 495 |
| | | Barnaskór | 795 |
| Didriksons útivistargalli | 6.995 | | |
| Didriksons barnakuldagalli 2ja - 3ja ára | 6.995 | DVD | 500 |
| Rucanor galli fyrir stelpur | 3.995 | Tölvuleikir | 500 |
| Rucanor körfuboltar | 995 | DVD Þættir | 1.000 |

arena
VIKING
Brandtex
DIDRIKSONS1913
RUGBY JEANS CO.
true
RUCANOR
ZARA

## Opið á skírdag og laugardag, fyrir páska 12-18

Lokað föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum

MerkjaOutlet, Korputorgi - Sími 578 9400



*Maðurinn minn, pabbi okkar, tengdapabbi, afi og langafi,*

**Árni Elfar**

lést hinn 5. apríl síðastliðinn á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Holtsbúð. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**F.h. aðstandenda,**
**Kristjana Magnúsdóttir.**



*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Frans Magnússon,**
sjómaður, Vesturgötu 111b, 300 Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness þriðjudaginn 7. apríl. Útför fer fram föstudaginn 17. apríl kl. 14.00 frá Akraneskirkju. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Sjúkrahúsið á Akranesi eða Krabbameinsfélag Íslands.

**Elín Jónasdóttir**
**Valdís Hildur Fransdóttir** **Atli Þór Karlsson**
**Emelía Elín Fransdóttir** **Hafþór Hallmundsson**
**Maía Jósefsdóttir** **Ingólfur Guðbrandsson**
**Sína Sigríður Magnúsdóttir** **Axel Hilmarsson**
**og fjölskyldur.**



*Við viljum koma á framfæri innilegu þakklæti til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og stuðning við fráfall sonar okkar,*

**Kristins Guðbjartssonar.**

**María Baldursdóttir** **Guðbjartur J. Sigurðsson**
**og systkini hins látna.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kjartan Sveinsson,**
Símaverkstjóri,
frá Vík í Mýrdal,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 6. apríl verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju þriðjudaginn 14. apríl kl. 13:00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á líknar- og hjálparstofnanir.

**Þórir Kjartansson** **Friðbjört Elísabet Jensdóttir**
**Sveinn Kjartansson** **Hólmfríður Böðvarsdóttir**
**Eyrún Kjartansdóttir** **Haukur Helgason**
**Sigrún Kjartansdóttir** **Þorbjörn Jónsson**
**börn, tengdabörn og barnabörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Kristinsson**
Lambey, Fljótshlíð,

lést á Kirkjuhvoli Hvolsvelli miðvikudaginn 1. apríl. Útför hans fer fram frá Breiðabólstaðarkirkju í Fljótshlíð laugardaginn 11. apríl kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Dvalarheimilið Kirkjuhvol á Hvolsvelli.

**Guðbjörg Jónsdóttir** **Jón Þorvaldsson**
**Þórhildur Jónsdóttir**
**Kristjana Jónsdóttir** **Guðjón E. Ólafsson**
**Sveinbjörn Jónsson** **Jaana Rotinen**
**Kristinn Jónsson** **Guðbjörg Júlídóttir**
**Katrín Jónsdóttir** **Helmut Grimm**
**Þorsteinn Jónsson** **Ásta Brynjólfsdóttir**
**Sigrún Jónsdóttir** **Jón Valur Baldursson**
**Gunnar Rafn Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Margrét Ögmundsdóttir,**
Hraunbæ 103, Reykjavík,

lést á líknardeild Landakotsspítala miðvikudaginn 8. apríl. Útförin fer fram frá Áskirkju föstudaginn 17. apríl kl. 13.00.

**Guðrún Jónsdóttir** **Oddur Þórðarsson**
**Jóna Jónsdóttir** **Pétur Eiríksson**
**Guðlaugur G. Jónsson** **Sigríður I. Ágústsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sjöfn Jóhannsdóttir**

lést á Sólvangi í Hafnarfirði 6. apríl sl. Jarðarför hennar fer fram föstudaginn 17. apríl frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði kl. 13.00.

**Sonja Larsen** **Þórður Benediktsson**
**Jóhann Larsen** **Hildur Valgeirsdóttir**
**Edda Larsen** **Guðmundur Ásgeir Sölvason**
**Axel Birgir Knútsson** **Jóhanna Jónsdóttir**
**Hilmar Knútsson** **Jónína Ívarsdóttir**
**Gerða Knútsdóttir** **Krister Olsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, amma og langamma,*

**Sigríður Ágústsdóttir**
frá Geiteyjarströnd, Mývatnssveit,

lést hinn 5. apríl á Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri.

**Börn, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,*

**Ingibjörg Jónsdóttir,**
Dvalarheimilinu Grund,
áður Álfheimum 3,

lést að morgni 5. apríl. Útför hennar fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 17. apríl klukkan 15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Guðmann Sigurbjörnsson** **Kristín Aradóttir**
**Rósa Jónsdóttir** **Sigursveinn Sigurðsson**
**Hólmfríður Jónsdóttir**
**Guðjón Rögnvaldsson**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, bróðir og afi,*

**Hörður Eiríksson,**
fyrrverandi flugvélstjóri
Blönduhlíð 10, Reykjavík,

sem lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut 31. mars síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 14. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartaheill.

**Helga Steffensen**
**Björn Sverrir Harðarson**
**Helga Sigríður Harðardóttir Steffensen** **Guðmundur E. Jónsson**
**Valdimar Harðarson Steffensen** **Guðrún Ægisdóttir**
**Baldur Þórir Harðarson** **Estíva Birna Björnsdóttir**
**Eiríkur Bjartmar Harðarson**
**bróðir og barnabörn.**

**GUÐNI ÁGÚSTSSON, FYRRVERANDI RÁÐHERRA OG FORMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS, ER SEXTUGUR.**

*„Ég beiti svipunni hóflega fast þegar þið farið af leið.“*

***Þessi fleygu orð mælti Guðni Ágústsson, þá fráfarandi landbúnaðarráðherra, við arftaka sinn, Einar K. Guðfinnsson, við lyklaskiptin í ráðuneytinu árið 2007.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**BREYSKLEIKI MANNSINS** Ragnheiður segir Passíusálmana snerta sig djúpt enda hafi Hallgrímur Pétursson verið mikið skáld og listamaður.

**RAGNHEIÐUR STEINDÓRSDÓTTIR:** LES PASSÍUSÁLMANA Á FÖSTUDAGINN LANGA

## Djúp upplifun

„Ég geri ráð fyrir að lesturinn sjálfur sé um fimm tímar en svo eru yndislegir tónlistarmenn með mér. Elísabet Waage leikur á hörpu og Matthías Nardeau á óbó,“ segir Ragnheiður Steindórsdóttir, leikkona og bæjarlistarmaður á Seltjarnarnesi, en hún ætlar að lesa alla Passíusálma Hallgríms Péturssonar í Seltjarnarneskirkju á föstudaginn langa.

„Ég held að ég sé fyrsta konan til að lesa sálmana opinberlega en konur hafa áður lesið þá í útvarpi. Hins vegar liðu 30 ár frá því Sigurbjörn Einarsson, þá dósent við guðfræðideild háskólans og síðar biskup Íslands, las sálmana fyrst árið 1944 þar til kona las þá í fyrsta sinn árið 1974. Það var Valbjörg Kristmundsdóttir, systir Steins Steinarrs. Hún kom frá Akranesi og las þá inn á stálþráð.“

Ragnheiður hefur áður lesið hluta Passíusálmanna opinberlega. „Við vorum til dæmis fjögur sem lásum Passíusálmana í Hallgrímskirkju árið 2007 og þá fór ég á námskeið um sálmana hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Sá fróðleikur hefur nýst mér afskaplega vel í að undirbúa mig fyrir verkið en síðan auðvitað les ég bara og les til að æfa mig,“ segir hún ánægð og bætir við: „Það er upplifun að kynnast Passíusálmunum. Skáldið er á köflum mjög harðort í garð veraldlegra og geistlegra yfirvalda og sendir þeim tóninn. En síðan er líka trúnaðartraust í sálmunum til frelsarans og djúpt þakklæti fyrir að vera laus undan refsivendi drottins vegna þeirrar fórnar sem Jesús færði okkur öllum. Þetta er svo innilegt, fallegt og djúpt.“ Gestum er frjálst að koma og fara að vild á meðan á lestri stendur. „Æskilegt er að hafa með sér Passíusálmabækur til að fylgjast með en sálmarnir eru til á mörgum heimilum,“ segir Ragnheiður og brosir.

Frá því Ragnheiður las sálmana árið 2007 hefur hana langað til að takast á við að lesa þá í heild sinni. „Ég nefndi þetta við prestinn á Seltjarnarnesi, við góðar undirtektir, og stuttu síðar var ég útnefnd bæjarlistarmaður. Þá fannst mér kjörið að hafa þetta sem mitt stóra verkefni í ár. Ég hef búið á Seltjarnarnesi í nokkur ár og kann óskaplega vel við mig. Kirkjan er falleg, góður hljómburður í henni og yndislegt að vera þar. Því kom ekki annar staður til greina. Þetta er líka í fyrsta skipti sem Passíusálmarnir eru fluttir þar í heild sinni á föstudaginn langa,“ útskýrir hún áhugasöm og bætir við einlæg: „Passíusálmarnir eru fjársjóður sem við verðum að færa frá kynslóð til kynslóðar og mér finnst ég vera hlekkur í þeirri keðju.“ **hrefna@frettabladid.is**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Ketill Leósson**
Vættaborgum 88, Reykjavík,

lést á Líknardeildinni Kópavogi að morgni 5. apríl sl. Hann verður jarðsunginn frá Selfosskirkju laugardaginn 11. apríl kl. 13.30.

**Rakel Gísladóttir, Benedikta Ketilsdóttir, Guðjón Egill Guðjónsson**
**Ketill A. Ágústsson, Gabríel A.Guðjónsson, systkini hins látna og fjölskyldur þeirra.**



**BRJÓSTAHALDARAR** komu fram á sjónarsviðið í lok nítjándu aldar. Þeim var ætlað að leysa korselettin af hólmi og eru nú orðnir sjálfsagður klæðnaður kvenna í flestum hlutum heimsins.



FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki
Þurrkari
- 10 kg -
Þvottavél
Topphlaðin
- 10 kg -
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið



Bergur Thomas klæðist þægilegum og á stundum skrautlegum fatnaði sem hentar vel þegar ferðast er um landið og spilað á rokktónleikum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Oftast bara í lopanum

**Þægilegur fatnaður með smá skemmtilegheitum hentar hljómsveitargaurum vel og er Bergur Thomas Anderson, bassaleikari hljómsveitarinnar Sudden Weather Change, þar engin undantekning.**

„Móðir mín prjónaði lopapeysuna á mig en bolurinn er frá hljómsveitinni Reykjavík. Buxurnar eru hins vegar Birkis-buxur frá Bandaríkjunum en þær eru svo ódýrar úti og mamma kaupir þær af og til á mig. Þær eru rosalega þægilegar með mörgum vösum,“ segir Bergur Thomas Anderson, bassaleikari hljómsveitarinnar Sudden Weather Change, og brosir.

Bergur lýsir fatastíl sínum sem frekar afslöppuðum og skemmtilegum. „Ég er oftast í gallabuxum, hljómsveitarbol og skyrtu. Gaman er að styrkja vinaböndin við aðra í bransanum og kaupa af þeim hljómsveitarboli og annað slíkt. Þessa dagana er ég annars yfirleitt í lopapeysu, enda hentar hún við flestar íslenskar aðstæður,“ segir hann og viðurkennir að hann hafi gaman af að finna sér ný föt. „Mér finnst gaman að grúska í Kolaportinu og á svoleiðis stöðum þar sem finna má öðruvísi föt sem eru í raun einstök. Til dæmis skyrtur og peysur í sérstökum, gömlum sniðum og æpandi litum en líka föt í dempaðri jarðarlitum. Við í hljómsveitinni höfum allir gaman af sniðugum fatnaði,“ segir Bergur og bætir við: „Við erum allir á sömu nótunum í fleiri en einum skilningi þar sem við klæðum okkur svipað og reynum jú að spila í takt. Við til dæmis girðum allir buxurnar ofan í sokkana en þá hefur maður góða yfirsýn yfir það sem er fyrir neðan mann.“

Sudden Weather Change spilar á tónleikum á Sódómu í kvöld ásamt hljómsveitunum Kimono og Bent Moustache frá Hollandi. „Þetta er á vegum Kimi Records og miðinn kostar einungis 800 krónur. Ef fólk greiðir hins vegar 1.500 krónur þá fær það líka plötu úr vörulista Kimi sem er frekar gott. Á morgun fljúgum við síðan til Ísafjarðar og spilum á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður. Ég kom frá Snæfellsnesi í fyrradag og skelli mér svo á Vestfirðina á morgun og á svona ferðum kemur lopapeysan sér vel,“ segir Bergur kátur.

*hrefna@frettabladid.is*

Flexitol Heel Balm
NÝTT
Fáðu fæturna mjúka og fína á 2 vikum með Flextiol
Fæst í apótekum, fótaaðgerðastofum, snyrtistofum og öðrum verslunum.

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar
byly depil
SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA
ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta
ÚTSÖLUSTAÐIR: Apótek og snyrtivöruverslanir

Meirapróf
ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 5670300
NÝTT NÁMSKEIÐ HEFST 15. APRÍL

AFS
AFS á Íslandi
Aðalfundur AFS á Íslandi verður haldinn laugardaginn 18. apríl nk. og hefst hann kl. 14:00. Fundurinn verður haldinn í húsakynnum samtakanna að Ingólfsstræti 3 í Reykjavík. Dagskrá fundarins verður skv. samþykktum félagsins.
Félagsmenn eru hvattir til að mæta, en boðið verður upp á léttar veitingar í lok fundar.
Reykjavík 5. apríl 2009
Sjórnin

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 9. apríl 2009



*Skemmtilega kærulaus*

# STUÐBOLTI

**Logi Bergmann Eiðsson er besti sjónvarpsmaður landsins**

## HANNAÐI ÓVENJULEG-AN LAMPA

Kristín Birna Bjarnadóttir vöruhönnuður vekur athygli erlendis.

## HLAUPANDI VEÐUR-FRÉTTAKONA

Soffía Sveinsdóttir ætlar í 55 kílómetra Laugavegs-maraþon í sumar.

## GÁFU BORG-ARSTJÓRA NÝJA BÓK

Þórey Vilhjálmsdóttir og Lóa Auðunsdóttir skrifuðu Reykjavík barnanna.

# núna
✻ á harðaspretti



**ÞORBJÖRG MARINÓSDÓTTIR BLAÐAMAÐUR**

Ég ætla norður á Sauðárkrók með fjölskyldunni, elda humarsúpu, fara á skíði, snjósleða, skrifa og kíkja á djammið þar. Gott að hlaða batteríin í náttúrunni, borða góðan mat og kaupa sér sokka í Kaupfélaginu. Tala nú ekki um að kíkja á hestbak hjá Ragnheiði frænku.

helgin MÍN



### Listamessa á morgun

„Við erum fjórar saman með sýninguna í Kling og Bang og ákváðum í rauninni að nýta rýmið sem vinnustofu,“ segir listakonan Rakel McMahon um sýninguna Opið - til eru hræ. „Sýningin er í raun vinnuferli þar sem áhorfandinn fær að sjá hvernig myndlistarmaðurinn vinnur. Við vildum líka nýta rýmið til hins ítrasta og brjóta bilið milli listgreina svo við höfum haldið „open-mic“ og stuttmyndakvöld,“ útskýrir Rakel. „Á föstudaginn langa ætlum við að vera með opið frá 12 til miðnættis og vera með uppgjörninga. Þá verður haldin listamessa þar sem listin verður tilbeðin en ekki Kristur,“ bætir hún við.

þetta HELST

### Kimikvöld á Sódómu

Eftir vel heppnað Kimikvöld á Sómdóma Reykjavík fyrir tveimur vikum hefur verið ákveðið að endurtaka leikinn í kvöld. Fram koma hljómsveitirnar Kimono og Sudden Weather Change, The Bent Moustache frá Hollandi og Retro Stefson. Kimono eru nú á fullu að vinna í nýju efni fyrir væntanlega plötu, en þeir gáfu síðast út plötu fyrir tveimur árum. Þeir leggja mikið upp úr tónleikaflutningi og heyrst hefur að þeir séu með heljarinnar „ljósashow“ til að gera upplifunina sem eftirminnilegasta.

Kristín Birna Bjarnadóttir vöruhönnuður:

# VEKUR ATHYGLI FYRIR HÖNNUN Á LAMPA

Ég sýndi lampann á Kjarvalsstöðum í fyrra, en þá var hann ekki alveg tilbúinn. Núna er ég búin að þróa hann yfir í söluvænlegt form,“ segir Kristín Birna Bjarnadóttir vöruhönnuður um lampann Illuminant eða Ljósgjafa sem var lokaverkefni hennar úr Listaháskólanum í fyrravor. Lampinn gefur ævintýralega birtu á óvenjulegan máta og hefur vakið mikla athygli og birst af honum myndir í hönnunartímaritinu Dezeen og á tæknisíðunni divice.com.

„Hugmyndin kviknaði í kúrs þar sem við áttum að hanna rómantísk ljós og þá datt ég inn á þessi endurskinsefni sem ég nota í lampaskerminn. Þetta er sama efni og er á appelsínugulu keilunum sem eru notaðar við alla vegavinnu, en þá lýsa bílarnir beint á efnið sem endurkastar birtunni. Yfirskriftin á hönnuninni er „what goes around comes around“ því mér varð hugsað til þess hvernig fólk endurspeglast í hegðun sinni og gjörðum og ég trúi því að maður uppskeri eins og maður sáir,“ útskýrir Kristín. Hún hannaði lampann þannig að díóðuljós á gólfinu lýsir upp undir skerminn og dreifir þannig birtunni. „Lampaskermurinn hangir neðan úr loftinu á girni og neðan úr honum hanga 2 mm lengjur úr sama endurskinsefni og skermurinn. Hægt er að skipta um lit á ljósinu á gólfinu með lituðum glerplötum sem eru settar ofan á það og eru til rauðar, fjólubláar, bláar og brúnar plötur,“ segir Kristín.

Hún segir lampann ekki kominn í verslanir en draumurinn sé að koma honum í framleiðslu. Þangað til geta áhugasamir haft samband við Kristínu á kristinbirna.com. *- ag*



**Í helli** Mörgum þykir lampi Kristínar minna á marglyttu en þessi mynd var tekin í Maríuhelli í Heiðmörk af eiginmanni Kristínar, Karli Bergmanni Pálssyni.





**Ævintýralegt** Hægt er að breyta stemningunni með því að setja litaðar glerplötur ofan á ljósið á gólfinu sem lýsir upp undir skerminn.

**Vinsæl** Hönnun Kristínar Birnu hefur meðal annars sést í hönnunartímaritinu Dezeen og á tæknisíðunni divice.com.

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

Soffía Sveinsdóttir ætlar í Laugavegsmaraþonið:

# Hlaupandi veðurfréttakona

„Ég byrjaði að hlaupa reglulega árið 2003 og skellti mér þá í hlaupahópinn TKS,“ segir veðurfréttakonan Soffía Sveinsdóttir sem hefur meðal annars hlaupið nokkur tíu kílómetra hlaup og þrisvar sinnum hálft maraþon. Soffía ætlar að taka þátt í Laugavegsmaraþoninu í sumar sem eru einir 55 km en markmið hennar er að komast heil í mark.

„Ég set stefnuna á að klára, það er afrek út af fyrir sig, en annars vonast ég til að vera um átta klukkutíma með hlaupið,“ segir hún og bætir við að svona langhlaupum fylgi mikil ánægja. „Það er frábær tilfinning að ljúka áfanga og svo er félagsskapurinn í hlaupunum góður,“ segir Soffía og viðurkennir að langhlaup geti orðið að fíkn. „Löngu hlaupi fylgir mikil líkamleg og andleg vellíðan og ég mæli með hlaupi og hreyfingu fyrir alla. Þegar álagið er mikið er ekkert betra en að komast út að hlaupa til að hlaða batteríin því með hreyfingu endurnærist maður og getur hreinsað hugann, hugsað og fundið lausnir á vandamálum.“ *-iáh*



**Öflug** „Löngu hlaupi fylgir mikil líkamleg og andleg vellíðan,“ segir Soffía.

✻ augnablikið



**FLOTT PAR** Það geislaði af Joel Madden og Nicole Richie þegar þau mættu saman á My House í Los Angeles á dögunum í fjáröflunarhanastél fyrir UNICEF. Parið á von á öðru barni sínu í ágúst, en saman eiga þau dótturina Harlow Winter Kate Madden, eins árs.

föstudagur
**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Stefán Karlsson
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



Full búð af spennandi húsgögnum, gjafavöru og kertum
BORÐ + 4 STÓLAR stólar geymast inni í borði hægt að fella borð báðum megin.
49.900.-
VINNUBORÐ á hjólum
29.850.-
LUKTIR
6.900-8.900-12.900.-
nýtt!
nýtt!
MATARSTELL
LUKTIR fyrir sprittkerti margir litir
590.-
Ný kerti
stein höfuð
STJAKAR, fyrir sprittkerti
490.-
STEINHÖFUÐ tvær stærðir verð frá
2.990.-
PAPPA-REGNHLÍFAR, stórar
990.-
STYTTUR stemning frá framandi stöðum
2.990.-
the PIER
Pier kemur stöðugt á óvart
ert þú búin að kíkja nýlega?
Skírdagur opið 12-18, föstudagurinn langi lokað, laugardagur 10-18
páskadagur lokað, mánudagur annar í páskum opið 12-18.
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# SKEMMTILEGAST AÐ VINNA SI

**Föstudagur leitaði til málsmetandi álitsgjafa í leitinni að besta sjónvarpsmanni landsins. Margir komust á blað en það var Logi Bergmann Eiðsson sem fékk langflestu stigin sem besti sjónvarpsmaður Íslands.**

*Viðtal:* Indiana Ása Hreinsdóttir
*Ljósmyndir af Loga:* ***Stefán Karlsson***

Þetta er frábært og gleður mitt litla hjarta," segir Logi Bergmann Eiðsson þegar honum eru tilkynnt úrslitin í valinu á besta sjónvarpsmanni landsins. Álitsgjöfum Föstudags þykir Logi standa sig frábærlega sem fréttalesari sem og spjallþáttastjórnandi Loga í beinni og segja hann trúverðugan fréttalesara og skemmtilega kærulevsislegan spjallþáttakóng.

„Ætli ég virki ekki kæruleysislegur þar sem ég er kærulaus. Upp að vissu marki allavega. Svona þáttur eins og Logi í beinni þarf að vera léttur og skemmtilegur, á föstudagskvöldum má láta allt flakka og hafa gaman. Sérstaklega núna þegar allt er farið til helvítis," segir hann og bætir við að maður verði að hafa gaman af því sem maður geri. „Það er um að gera að fíflast aðeins og reyna að vera fyndinn. Þótt það takist ekki alltaf," segir hann hlæjandi. Logi, sem hefur verið í sjónvarpi í átján ár, segist ekki eiga erfitt með að breyta um gír, úr fréttum yfir í léttmetið. „Einhvern tímann hafði ég áhyggjur af þessu en ég er búinn að vera það lengi í sjónvarpi að mér finnst ekkert erfitt að svissa um," segir hann kátur og bætir við að ef einhverjir eigi í vandræðum geti þeir athugað hvort hálsbindið sé á sínum stað. „Ég er þessi kæruleysislegi þegar ég er ekki með bindi en þegar ég er með bindi er ég að lesa fréttir," segir hann hlæjandi.

Logi í beinni er farinn í sumarfrí en mun rata aftur á skjáinn í haust. „Áhorfstölur síðustu þátta hafa verið ótrúlegar svo ég vona að við séum að gera eitthvað rétt. Við komum aftur fersk í haust enda eigum við nóg inni ennþá." Spurður hvort honum þyki skemmtilegt að sigra einhvern einn sjónvarpsmann fremur en annan nefnir hann Sigmar Guðmundsson í Kastljósinu. „Á milli okkar Simma hefur alltaf verið rígur. Það er bara skemmtilegt enda erum við góðir vinir. Ég er mjög kátur með þetta enda hef ég gaman að vinnunni og það sést kannski."



**Vinsæll** „Ætli ég virki ekki kæruleysislegur þar sem ég er kærulaus. Upp að vissu marki allavega," segir Logi.

*Á milli okkar Simma hefur alltaf verið rígur. Það er bara skemmtilegt enda erum við góðir vinir. Ég er mjög kátur með þetta enda hef ég gaman að vinnunni og það sést kannski.*

### 1. SÆTI
### LOGI BERGMANN

„Stuðbolti, góður sem fréttamaður og þáttastjórnandi. Skapar auðveldlega skemmtilegt og létt andrúmsloft með húmorinn að leiðarljósi."

„Skemmtilega vitlaus og klikkaður á skemmtilegan máta."

„Ótrúlega eðlilegur og afslappaður, fær fólk til að opna sig og kann að koma fólki á óvart með skemmtilegum innskotum í formi spurninga eða myndbrots. Frábær húmor."

„Einn sá besti í dag. Algjörlega á réttri hillu í spjallþættinum sínum. Passlega kærulaus og léttur."

„Spjallkallinn Logi. Þessi kæruleysistækni hans svínvirkar og þættirnir hafa gengið vel upp."

„Flottur. Hefur margar hliðar sem sjónvarpsmaður. Smellpassar í fréttirnar og fer svo úr fréttagallanum og beint í settið á Loga í beinni. Þátturinn er algjör snilld."

„Bara góður í Loga í beinni, svo skemmtilega gleyminn og klúðurslegur eitthvað að þú getur ekki annað en farið í gott skap. Logi og tíkin Skotta eru skothelt par á föstudagskvöldum."

### 2.-3. SÆTI
### SÖLVI TRYGGVASON

„Einn af fremstu sjónvarpsmönnum okkar. Skýr, eldklár og myndarlegur. Góður fréttamaður og ávallt vel til fara. Gaman að sjá hann á SkjáEinum."

„Var frábær í Íslandi í dag og hefur glætt SkjáEinn miklu lífi með nýjum þáttum sínum þar."



„Klárlega flottasti sjónvarpsmaðurinn. Nær að halda manni við skjáinn allan þáttinn, kemur með beittar spurningar án þess að gagga á viðmælanda sinn. Síðan er bara svo gaman að horfa á hann."

„Með húmor. Yfirvegaður og geðþekkur. Dettur ekki í þá gryfju líkt og margir aðrir myndarmenn að vera með folatakta og smjörvabros."

### 2.-3. SÆTI
### ÞÓRA ARNÓRSDÓTTIR



„Glæsileg og eldklár. Kona sem vex stöðugt í starfi. Pottþétt fyrsta sæti!"

„Sú eina í Kastljósi sem er alltaf fagleg og kurteis við viðmælendur sína. Hefur skemmtilegt prakkarablik í augum og kallar fram hjá manni vellíðan."

„Kemur mér sífellt á óvart. Nýtur sín í Kastljósinu. Tungumálasnillingur, virkilega sjarmerandi. Flott kona sem vinnur á."

„Afar viðkunnanleg og sjarmerandi. Gáfurnar leka af henni og hún er laus við hroka."

### 4.-6. SÆTI
### EGILL HELGASON

„Frábær sjónvarpsmaður. Ávallt gaman að horfa á þættina hjá honum og vel staðið að þeim. Skeleggur og eldklár."



„Hefur verið í sínu besta formi í vetur, bæði í Kiljunni og Silfrinu."

„Krútt með krullur, eins sjálfsagður hlutur á sunnudögum og eggið og beikonið. Er hann sjálfur. Kveikir í manni áhuga á íslenskum bókmenntum. Snillingur."

### 4.-6. SÆTI
### RAGNHILDUR STEINUNN

„Alltaf gaman að horfa á skvísuna í sjónvarpinu, virkar alltaf mjög örugg."



„Tekur sjálfa sig ekki of hátíðlega og er alltaf tilbúin að stökkva út í djúpu laugina. Hefur náð góðum tökum á starfinu á stuttum tíma en ég mæli með henni einni sem stjórnanda svo einhverjar aukapersónur skemmi ekki fyrir henni."

„Rosa flott stelpa sem lífsgleðin geislar af. Falleg kona og nýtur sín vel á skjánum."

### 4.-6. SÆTI
### SIGMAR GUÐMUNDSSON

„Frábær blanda af fréttaspyrli og dagskrárgerðarmanni. Grunnurinn

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

# GMAR



úr útvarpi gerir það að verkum að hann á létt með að tala án þess að vera með allan texta niðurnjörvaðan. Þorir að spyrja óþægilegra spurninga án hortugheita.“

„Einfaldlega besti spyrill í íslensku sjónvarpi í dag og varla að nokkur maður standist honum snúning. Ákveðinn en samt sanngjarn.“

„Verður bara betri með árunum. Kaldur og spyr spurninga sem aðrir myndu ekki voga sér, en hann kemst upp með það.“

**7. SÆTI**

**EVA MARÍA JÓNSDÓTTIR**



„Laus við alla tilgerð, hefur raunverulegan áhuga á viðfangsefninu. Þægileg rödd hennar spillir ekki fyrir.“

„Sæt, skemmtileg og hæfilega kærulaus svo maður slakar á þegar maður horfir á hana. Tekur mistökum með stóískri ró og gerir gott úr öllu.“

**ÞAU VORU LÍKA NEFND:**

**Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir**
„Fremsti fréttamaðurinn í íslensku sjónvarpi. Tala nú ekki um hvað hún er góður kokkur. Ávallt til fyrirmyndar í sjónvarpi fyrir land og þjóð.“

**Auðunn Blöndal**
„Klikkar aldrei, ávallt fyndinn og með þennan kalda gófa húmor sem mætti vera enn grófari.“

**Ómar Ragnarsson**
„Besti sjónvarpsmaður allra tíma. Punktur!“

**Björgvin Franz**
„Frábær í Stundinni okkar!“

**Ingvi Hrafn Jónsson**
„Einlægur og beittur í senn, mesti orginalinn í kassanum. Ég trúi öllu sem hann segir.“

**Edda Andrésdóttir**
„Besti fréttalesari landsins, allir sem eitthvað ætla að verða í sjónvarpi ættu að reyna að læra af Eddu.“

**Sindri Sindrason**
„Ótrúlega jákvæður og skemmtilegur. Tekur sig ekki of hátíðlega. Fjölhæfur, samkvæmur sjálfum sér og leyfir sinni persónu að skína í gegn.”

**ÁLITSGJAFAR**

Eftirfarandi aðilar gáfu álit sitt: **Andrés Þór Björnsson** innanhússarkitekt, **Anna Svava Knútsdóttir** leikkona, **Bragi Guðmundsson** útvarpsmaður, **Eva Dögg Sigurgeirsdóttir** verkefnastjóri, **Guðný Jóhannesdóttir** blaðamaður, **Heimir Eyvindarson** tónlistarmaður, **Ívar Guðmundsson** útvarpsmaður, **Jón Hákon Halldórsson** blaðamaður, **Matthildur Magnúsdóttir** þula, **Ragnheiður M. Kristjónsdóttir** blaðamaður, **Unnur Pálmarsdóttir** líkamsræktarkona.



## BOB DYLAN

**Anna Svava Knútsdóttir leikkona**



„Textar Bobs Dylan hafa hjálpað mér mikið að takast á við unglingaveikina sem ég ætla aldrei að losna almennilega við. Kristín Eysteinsdóttir leikstjóri er líka ein af mínum áhrifavöldum því hún kenndi mér að taka gagnrýni og veita hana á uppbyggilegan máta. Á listanum er líka Andrés Önd því að alveg sama hversu mikið hlutirnir fara úrskeiðis þá er hann alltaf jákvæður og tilbúinn til að takast á við ný verkefni af opnum hug.“

**ÁHRIFAvaldurinn**




# tíðin
## í páskafríi

**SÖNGVASEIÐUR** María finnur sig ekki í klaustrinu og er því send í vist til ekkjumannsins Von Trapp til að gæta sjö háværasamra barna hans, þar sem hún vinnur hug þeirra með ást, hlýju og söng sínum. Ekki missa af einum þekktasta söngleik allra tíma í Borgarleikhúsinu.

**Á MÓTI SÓL** Það er sama hvar á landinu þú verður um páskana, þú getur skvett úr klaufunum hvar sem er. Á móti sól gleður ballþyrsta Íslendinga á Selfossi, Húsavík, Egilsstöðum og Akureyri á páskatúr sínum um landið. Taktu til sparigallann og pússaðu dansskóna!




## HONG KONG

**Rebekka Kristín Garðarsdóttir, útgáfustjóri AsianInvestor**




***HVAR ER BEST AÐ FÁ SÉR MORGUNMAT?*** Hong Kong Football Club, morgunverðarhlaðborð sem segir sex!

***BESTA KAFFIÐ?*** Ég drekk ekki kaffi en sem morgundrykkur er mangó-smoothie á Mix bestur, og hollastur.

***FÍNT ÚT AÐ BORÐA?*** Zuma, því þar er besta sushi sem ég hef smakkað og Aqua upp á útsýnið og þjónustuna að gera.

***UPPÁHALDSVERSLUNIN?*** Nine West - skófíkill. Wanchai computer market er líka ómissandi.

***BEST VIÐ BORGINA?*** Fjölbreytileikinn. Hér er allt til alls, Hong Kong er stórborg með sveitasælu í 15 mínútna fjarlægð. Hér eru óteljandi möguleikar til útivistar, skemmtana, fólk frá öllum heimshornum og matarúrval eftir því.

***BEST GEYMDA LEYNDARMÁLIÐ?*** Sjávarréttastaðurinn í Clearwater Bay Country Park eftir göngu upp á Sharp Peak.



**Barnvæn** Ragnheiður Ríkharðsdóttir dóttir Þóreyjar og Mía Pálína Gunnarsdóttir dóttir Lóu afhentu Hönnu Birnu borgarstjóra fyrsta eintakið af bókinni.

### Þórey Vilhjálmsdóttir og Lóa Auðunsdóttir:

# Gáfu borgarstjóra bók

„Bókin kom í búðir á þriðjudaginn og þetta var bókstaflega fyrsta eintakið sem Hanna Birna fékk," segir Þórey Vilhjálmsdóttir, verkefnastjóri bókarinnar Reykjavík barnanna sem hún vann í samstarfi við mágkonu sína Lóu Auðunsdóttur. „Við ákváðum að fara út í þetta því það eru til svona bækur í öllum borgum sem við höfum ferðast til. Hanna Birna segist fagna bókinni því hún er í samræmi við fjölskyldustefnu Reykjavíkurborgar og það er gaman að sjá hana verða að veruleika því þetta er búin að vera mikil vinna í tvö ár," útskýrir Þórey.

„Reykjavík barnanna er aðallega fyrir fólk sem býr í borginni og vill fá nýjar hugmyndir um hvað er hægt að gera með börnunum sínum, en bókin er líka á ensku svo hún hentar einnig fyrir fólk sem er að koma hingað í helgarferðir," bætir hún við. Auk þess er öll þjónusta í Reykjavík sem viðkemur börnum kortlögð í bókinni, svo sem söfn, veitingastaðir og ýmiss konar tómstundaiðja. *- ag*



**Náið samstarf** Þórey Vilhjálmsdóttir vann bókina í samstarfi við mágkonu sína, Lóu Auðunsdóttur.



**70S-SPEGILLINN MINN** Einhver diskóstemning yfir honum.



**HNÍFASAFN EIGINMANNSINS** Hann vinnur skeptin öll í höndunum.



**STRÆTÓBAUKURINN** Sparibaukur heimilisins kemur sér vel.



## INGIBJÖRG REYNISDÓTTIR
**leikkona**

TOPP 10



**ELDGAMLA KAFFIKANNAN** hennar ömmu heitinnar úr Kjósinni.




**BÓKIN OG SPILIN** eiga heima á náttborðinu hjá mér og ósjaldan áður en ég fer að sofa dreg ég nokkur spil til að taka stöðuna á næstu dögum og vikum.



**FARTÖLVAN**



**ORKUSTEINALAMPANN** fékk ég í afmælisgjöf frá æskuvinkonum mínum árið 2006 og síðan þá hefur allt verið upp á við. Þrælvirkar.




**KLUKKUSTRENGIRNIR** sem litla systir mín saumaði fyrir bæði börnin mín þegar þau fæddust.



**KAFFIVÉLIN** var brúðargjöf.



**ENGLAMYNDIN FYRIR OFAN RÚMIÐ MITT SEM ÉG KEYPTI Á MARKAÐI Í DANMÖRKU.**

# SÝNING

# 13 verk í 13 kirkjum

## 9.apríl-21.maí

## *Hulda Halldór*

### Sýningaskrá

| | |
|---|---|
| 1. ANDRÁ | Fríkirkjan í Reykjavík. |
| 2. MINNING | Neskirkja. |
| 3. REYKJANESBRAUT | Breiðholtskirkja. |
| 4. UPPRISA | Dómkirkjan. |
| 5. HÆRRA TIL ÞÍN | Digraneskirkja. |
| 6. BOÐORÐIN | Seltjarnarneskirkja. |
| 7. JÚDASARKOSS | Grafarvogskirkja. |
| 8. ÁKALL | Grensáskirkja. |
| 9. SYNDARFYRIRGEFNINGIN | Árbæjarkirkja. |
| 10. SÁ YÐAR SEM SYNDLAUS ER ... | Guðríðarkirkja. |
| 11. AÐ FYRIRGEFA | Krossinn. |
| 12. UPPHAFIÐ | Kópavogskirkja. |
| 13. ORÐIÐ | Vídalínskirkja. |

Hulda Halldór er fædd 26.maí 1957, dóttir Halldórs Axels Halldórssonar og Guðbjargar Sumarliðadóttur.

**SÝNINGIN ER TILEINKUÐ ÞEIM SEM HAFA LÁTIST Í UMFERÐINNI**

**Verið velkomin**

## KLINGENBERG SPÁIR



### Sverrir Þór Sverrisson sjónvarpsmaður



„Sveppi er fæddur 05.08.77 sem er 37 sem gerir útkomuna 10 sem er jafnt og einn. Lífstalan hans er einn en það er frekar sjaldgæft að skemmtikraftar séu með þá lífstölu. Sveppi er undantekningin sem sannar regluna og hann getur ekkert að þessu gert, hann var bara svo ofur skemmtilegur þegar hann fannst og var settur í þetta hlutverk.

Sveppi er með meiri hæfileika en aðrir ef það telst hæfileiki að vera einlægur og það er mjög trúlegt að hann sé ekkert að leika heldur er hann bara þessi ótrúlega skemmtilegi karakter sem allir elska. Ásarnir eru hins vegar dálítið eins og tré, þeir vilja helst ekki flytja úr hverfinu, taka mikla ábyrgð á öllu í kringum sig og það er sjaldgæft að þeir hafi farið á eitthvað brjálað gelgjuskeið. Yfirleitt eru þeir á beinni braut enda leiðtogar og góðar fyrirmyndir. Sannarlega er hægt að segja að Sverrir sé góð fyrirmynd því hann er ekkert að spá í hvað aðrir eru að hugsa heldur framkvæmir allt sem honum dettur í hug. Ef allir hugsuðu svona væri lífið helmingi meira spennandi.

Sveppi er á mjög spennandi ári í ár og þarf nauðsynlega að njóta mikils skilnings frá frúnni vegna þess að fram undan er mikil vinna og tækifærin eiga eftir að hrannast upp þótt ekki sé hægt að segja að þau hafi legið í leynum. Þetta ár gæti orðið dálítið torvelt ef hann skipuleggur sig ekki en Sveppi er á ári frjósemi og ástar og allt sem yfir hann gengur á þessu ári á bara eftir að herða hann og gera hann sterkari fyrir framtíðina. Ég sé ekki betur en að hann eigi eftir að blómstra vel, að eilífu, amen.

www.klingenberg.is



## FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

### Guðrún Tara Sveinsdóttir fyrirsæta

1



**Mér finnst morgunmaturinn skemmtilegasta máltíð dagsins, smoothie, ávextir, hrökkbrauð með einhverju gourmetáleggi og svo kaffi og sígó, alveg ómissandi.**

2



**Morgunsturta og bursta tennurnar í sturtunni.**

3



**Einn góðan göngutúr alla daga með hundana mína þrjá, en þar sem ég er stödd í París þessa stundina verður að duga að njóta borgarlandslagsins.**

4



**Skella sér á kaffihús og fá sér skrautlegan kokteil á „happy hour“, teikna kannski eina mynd eða punkta eitthvað spennandi í vasabókina.**

5

**Matarboð fyrir nánustu vini. Vín, ostar, salat, pönnusteikt grænmeti, tilraunakenndur eftirréttur og hressleikinn í hámarki til að ljúka vikunni með stæl.**




BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

EINIBERJAKRYDDAÐ
LÚXUS LAMBALÆRI
FRÁ KJARNAFÆÐI
25% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 1.886 KR./KG

1.414




SVÍNAHAMBORGARHRYGGUR
FRÁ KJARNAFÆÐI
20% AFSLÁTTUR.
MERKT VERÐ 998 KR./KG.

798






SÉRVALIÐ LAMBAKJÖT!




2.598

LAMBA RIB-EYE, FROSIÐ
FRÁ KJARNAFÆÐI




2.598

LAMBA INNRALÆRI, FROSIÐ
FRÁ KJARNAFÆÐI




998

BAYONNESKINKA
FRÁ KJARNAFÆÐI
25% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 1.331 KR./KG

Með fyrirvara
um prentvillur eða
uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Afgreiðslutíma Bónus um páskana finnur þú á www.bonus.is




Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

vísir.is
"...ég sá það á vísi"




Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.
Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

Auglýsingasími 512 50 50
Mest lesið




NOKKUR ORÐ
Sigríður Björg Tómasdóttir

# Smávinir fagrir

Alltaf er jafn indælt ár hvert þegar smáfuglar fara að birtast í görðunum og maður er vakinn við sólargeisla og fuglasöng í stað þess að heyra í hríðarbyl og þurfa að þreifa sig áfram í niðamyrkri eins og um hávetur. Vorið er minn tími og mér líður sem ég endurfæðist á vorin, athafnaþráin kviknar og allt er mögulegt.

Mikið þótti mér því vorlegt og skemmtilegt þegar ég sá að starrarnir voru farnir að gera sig heimakomna í hlyninum við húsið mitt, alveg þangað til fuglafræðingur heimilisins benti mér á að þeir væru ekki að hreiðra um sig í trénu heldur í húsinu okkar. Nánar tiltekið í þakskegginu sem er stór og mikil trésmíð en nokkuð fúin sem gefur fuglunum greiða inngönguleið inn undir þakskeggið og þar er aldeilis pláss til að koma sér fyrir.



Ekki líst mér alls kostar vel á nágrannana nýju, þeim fylgja víst flær og svo líst mér miður vel á að þrífa eftir þá skítinn sem þeim fylgir óhjákvæmilega.

En þeir eru víst lítið fyrir samningaviðræður, hafa undanfarið dregið til sín efni til hreiðurgerðar og ekki látið stoppa sig þó að kústsköftum sé veifað og bankað í þakskeggið af miklum móð.

Það er því bara tvennt í stöðunni sýnist mér – að gleðjast yfir syngjandi skítandi nágrönnum eða að fjárfesta í lengsta stiga í heimi og koma í veg fyrir að þeir geti haldið áfram hreiðurgerð með endurbótum á þakskegginu. Rödd skynseminnar mælir með því síðarnefnda þó að mér finnist það hálf illskulegt að úthýsa þeim, hver láir þeim að vilja búa á svona fínum stað?

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Max Kauptúni






## Sjónvarpsflakkari

**Sarotech Abigs 3.5 DVP570S HD SATA**
Spilari/hýsing fyrir 3.5" SATA harðdiska. HDMI 1. Tengist beint við sjónvarp • Spilar af harðdisk og yfir net • HDMI 1080P

**29.989 kr.**

Fullt verð ~~39.989~~

## Toshiba fartölva

**Toshiba Satellite PRO S300-100**
1.8GHz Intel Core 2 Duo T5670 örgjörvi • 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni • 120GB harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA breiðskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • 3G mótald • Windows Vista Business með XP Pro.

**109.989 kr.**

Fullt verð ~~129.989~~

Ódýrir DVD Heimasímar Heyrnatól Hljómborð Símahlutir GSM Myndavélar
Minniskort Straujárn Frystiskápar Blásarar Rakvélar Pizzaofnar Vogir Viftur
Hárvörur Rafmagnspottar Brauðvélar Töfrasprotar Hraðsuðukatlar Kaffivélar
Ryksugur Ryksugupokar Barnavörur Roomba Heilsuvörur Batterí Fjöltengi Perur
B-borð Örbylgjuofnar Ísskápar Örbylgjuofnar í hillu Sjónvörp Amerískir ísskápar
Þvottavélar Frystikistur Ofnar Þurrkarar Vínkælar Helluborð ofl.




## Nýjar kvikmyndir á DVD

**1.989 kr.**

Verð á stk.

**Tilboðin gilda út laugardag!**

## Full búð af fermingatilboðum!

| OPNUNARTÍMI UM PÁSKANA | | |
|---|---|---|
| 9. apríl | Skírdagur | Opið 12:00-18:00 |
| 10. apríl | Föstud. langi | LOKAÐ |
| 11. apríl | Laugardagur | Opið 11:00-18:00 |
| 12. apríl | Páskadagur | LOKAÐ |
| 13. apríl | Annar í páskum | LOKAÐ |

MAX / Kauptúni 1
Garðabæ
Sími 412 2200
www.max.is

MAX RAFTÆKI

**> VORKENNIR UNGSTIRNUM**

Leikkonan **Julia Roberts** finnur til með þeim ungu stjörnum sem eru í sviðsljósi fjölmiðla allan sólarhringinn. „Þetta er miklu erfiðara líf fyrir ungar leikkonur í Hollywood í dag. Ég er svo fegin að þurfa ekki að glíma við þetta," sagði Roberts.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Risavaxin dýr í fantasíuheimi

Mikil eftirvænting ríkir í Hollywood eftir ævintýramyndinni Where the Wild Things Are. Hún er byggð á samnefndri skáldsögu Maurice Sendak og fjallar um Max, sem er sendur upp í herbergi eftir að hafa hegðað sér illa. Þar gleymir hann sér í eigin fantasíuheimi þar sem hann kynnist risavöxnum loðnum dýrum. Á meðal þeirra sem ljá dýrunum raddir sínar eru James Gandolfini úr Sopranos, Forest Whitaker, Catherine O´Hara og Paul Dano.

Leikstjóri og handritshöfundur myndarinnar er Spike Jonze, sem hefur áður sent frá sér hinar áhugaverðu en undarlegu Being John Malkovich og Adaptation. Einnig hefur hann leikstýrt fjölda tónlistarmyndbanda, meðal annars fyrir Björk og Beastie Boys. „Mig langaði til að taka söguþráðinn eins alvarlega og krakkar taka ímyndunarafl sitt. Ég vildi ekki búa til of mikla fantasíu," sagði Jonze í viðtali við Empire. „Í bókinni eru persónurnar mjúkar og góðlegar en samt hættulegar. Ég vildi halda í það sem gerði þær svona heillandi í bókinni en samt láta þeim líða eins og þær ættu heima í þessu umhverfi og að þær hefðu andlit og augu sem hæfðu flóknu handritinu."

Where the Wild Things Are er væntanleg í bíó vestanhafs 16. október.



**WHERE THE WILD THINGS ARE** Þessi ævintýramynd sem margir bíða eftir með mikilli eftirvæntingu kemur í bíó vestanhafs 16. október.

# Fjölbreyttar frumsýningar

**Franklín og fjársjóðurinn**

Margir krakkar muna eftir skjaldbökunni Franklín sem skemmt hefur krökkum á sjónvarpsskjám landsins síðustu tólf ár. Nú er komin bíómynd um Franklín og ævintýri hans.

*Einkunn á Imdb.com: 5,4/10*

**Dragonball Evolution**

Ævintýra- og spennumynd byggð á japanskri teiknimyndasögu um hetjuna Goku, öflugan stríðsmann sem verndar jörðina frá þrjótum og svikahröppum sem vilja ráða yfir jörðinni og stjórna dularfullum hlutum.

*Einkunn á Imdb.com: 3,1/10*



**I LOVE YOU MAN**

**I Love You Man**

Peter Klaven þarf að finna svaramann fyrir brúðkaupið sitt að kröfu unnustunnar Zooey. Hann finnur Sydney Fife sem hann vingast samstundis við. En eftir því sem vinátta mannanna tveggja dýpkar fer að hrikta í stoðum sambandsins við Zooey. Aðalhlutverk: Paul Rudd og Jason Segel.

*Einkunn á Imdb.com: 8/10*

**Push**

Tveir ungir Bandaríkjamenn með sérstaka hæfileika reyna að hafa uppi á stúlku í Hong Kong áður en skuggaleg samtök ná í skottið á henni.

*Einkunn á Imdb.com: 6,5 af 10*








**DAKOTA FANNING** Barnastjarnan er orðin fimmtán ára gömul. Hún sló í gegn sem dóttir Sean Penn í myndinni I Am Sam. NORDICPHOTOS/GETTY

# Barnastjarnan fullorðnast hratt

**Barnastjarnan Dakota Fanning er orðin fimmtán ára og farin að leita sér að öðruvísi hlutverkum en áður. Það nýjasta er í spennumyndinni Push sem er komin á hvíta tjaldið.**

Flestar barnastjörnur ná aldrei að fylgja frægðinni eftir á fullorðinsárunum og falla smám saman í gleymskunnar dá. Gott dæmi er Macaulay Culkin, sem sló í gegn í Home Alone-myndunum en hefur ekki borið sitt barr síðan. Haley Joel Osment, strákurinn sem sá látna fólkið í The Sixth Sense og lék í Artificial Intelligence, er orðinn 21 árs og hefur ekki sést í fjölmörg ár og ferill Shirley Temple fjaraði út undir lok fjórða áratugarins eftir nokkur ár á toppnum. Nú er komið að Dakota Fanning að losa sig við þennan barnastjörnustimpil sem hefur verið svo mörgum óþægur ljár í þúfu.

Hún fæddist í Georgíu í Bandaríkjunum árið 1994 og hóf leikferil sinn fimm ára í auglýsingageiranum. Fyrsta alvöru hlutverkið var í læknaþáttunum ER og í framhaldinu fékk hún gestahlutverk í þáttum á borð við CSI, The Practice, Spin City og Ally McBeal. Næst var komið að hennar stærsta hlutverki til þessa, sem dóttir Sean Penn í I Am Sam. Hún var tilnefnd til Screen Actors Guild-verðlaunanna sem besta leikkonan í aukahlutverki og varð þar með yngsta manneskjan til að fá slíka tilnefningu, átta ára gömul. Fanning var orðin stjarna í Hollywood og tilboðin streymdu til hennar. Næst fékk hún hlutverk Allie í spennuþáttaröðinni Taken sem Steven Spielberg framleiddi og fleiri bíómyndir fylgdu síðan í kjölfarið, þar á meðal Sweet Home Alabama og Uptown Girls. Ferill hennar hélt áfram að vaxa og næstu myndir hennar voru Man in Fire þar sem hún lék á móti Denzel Washington og Hide and Seek með Robert De Niro í aðalhlutverki. Stórmyndin War of the Worlds í leikstjórn Spielbergs með stjörnunni Tom Cruise var síðan næst á dagskrá og sýndi Fanning þar enn og aftur hvað í hana er spunnið.

Gaman verður að sjá hvernig Fanning reiðir af nú þegar fullorðinsárin nálgast. Næsta mynd hennar á eftir Push er framhaldið af hinni vinsælu Twilight, þar sem hún fær gott tækifæri til að sýna á sér nýjar hliðar, sem henni veitir ekki af. Sumar barnastjörnur hafa vissulega náð langt, samanber Jodie Foster, og Fanning gæti auðveldlega fylgt í fótspor hennar. Til þess þarf hún þó að sanna sig alveg upp á nýtt og sýna að hún er ekki lengur þessi litla, sæta stelpa sem öllum finnst svo mikið krútt, heldur fullvaxta leikkona sem ber að taka alvarlega.

freyr@frettabladid.is

**FRÆGAR BARNASTJÖRNUR**

- Dakota Fanning (I Am Sam)
- Haley Joel Osment (The Sixth Sense)
- Macaulay Culkin (Home Alone)
- Christian Bale (Empire of the Sun)
- Jodie Foster (Taxi Driver)
- Tatum O´Neal (Paper Moon)
- Ron Howard (The Andy Griffith Show)
- Judy Garland (The Wizard of Oz)
- Shirley Temple (The Little Princess)
- Natalie Wood (Miracle on 34th Street)
- Mickey Rooney (Huckleberry Finn)


HEIMSFRUMSÝND 8.APRÍL
DRAGONBALL
EVOLUTION
MISSTU EKKI AF FRÁBÆRRI ÆVINTÝRA OG SPENNUMYND UM PÁSKANA!
SENDU SMS ESL DBV Á NÚMERIÐ 1900
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐA!
VINNINGAR: BÍÓMIÐAR, TÖLVULEIKIR,
GOS, DVD MYNDIR OG MARGT FLEIRA!
9. HVER VINNUR!
BÍÓMIÐI
Sony Ericsson
SMS LEIKUR
SMÁRA BÍÓ
HÁSKÓLA BÍÓ
REGNBOGINN
149 kr/skeytið. Vinningar afhendir í ELKO Lindum.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.

> SUMARBRÚÐKAUP

**Paris Hilton** hefur í hyggju að ganga í það heilaga með kærasta sínum Dough Reinhardt. Hótelerfinginn sem er 27 ára hefur verið með Reinhardt frá því í febrúar og þau eru ekki trúlofuð, en Paris er sögð vilja giftast honum í sumar. Slúðurblöð vestanhafs herma að þau muni líklega gifta sig á Bahamaeyjum í ágúst því þau langi í sumarbrúðkaup á fallegum stað.



**Fólk**

folk@frettabladid.is

# Farsinn í kringum Lohan heldur áfram

Slúðurmiðlar í Bandaríkjunum hafa tekið skilnaði Lindsay Lohan og Samönthu Ronson fegins hendi enda virðist sjaldan eða aldrei vera lognmolla í kringum leikkonuna ungu. Lesbíurnar skildu að skiptum eftir að fjölskylda plötusnúðarins neitaði að bjóða Lohan í veislu á sínum vegum. Í kjölfarið fór orðrómur á kreik þess efnis að Ronson hefði sótt um nálgunarbann og hefði lofað fjölskyldu sinni að hitta Lindsay aldrei aftur. Ronson hefur nú borið þessar fréttir til baka, að minnsta kosti nálgunarbannið, og segir það fjarri lagi. „Samantha álítur sig ekki í hættu og finnst þessar fréttir fáránlegar," var haft eftir nánum vini Ronson í bandarískum fjölmiðlum í gær. „Hún hafði ekkert með þetta að gera," bætir heimildarmaðurinn við.

Lindsay er hins vegar í sárum og líkir þessu moldviðri við senur úr kvikmyndinni Mean Girls en Lohan sló eftirminnilega í gegn í þeirri ágætu mynd. Þar lenti persóna Lindsay einmitt í því að standa ein og yfirgefin á erfiðum tímamótum. „Allir vinir mínir hafa yfirgefið mig þegar ég þarf einmitt á þeim að halda," sagði Lohan í samtali við US Weekly. „Ég er bara 22 ára stelpa sem varð ástfangin. Núna er ég í sárum og þessar aðstæður eru fáránlegar," bætti Lindsay við.

Michael Lohan, pabbi Lindsay, er því væntanlega sá eini sem hoppar hæð sína af kæti yfir þessu öllu því honum leist ekkert á samband dóttur sinnar og Samönthu. „Guði sé lof að þessu er lokið," var það eina sem hann gat sagt til að hugga stelpuna sína í miðri ástarsorginni.



**HÆTTAR SAMAN** Samantha Ronson og Lindsay Lohan eru hættar saman en búast má við fjörlegum fréttum af þeim sambandsslitum næstu daga.

# Pinetop Perkins sló í gegn á blúshátíð

**Pinetop Perkins, 95 ára, hlaut góðar viðtökur á Blúshátíð á þriðjudagskvöld. KK segir mikla stemningu hafa ríkt á tónleikunum, sem fram fóru á Hilton Nordica hótelinu.**

„Það var einhver galdur í loftinu og alveg ofboðslega gaman. Fólk var bara að farast að þurfa að sitja og geta ekki dansað," segir Kristján Kristjánsson, eða KK, sem var meðal þeirra sem komu fram á Blúshátíð á þriðjudagskvöldið. Aðalgestur tónleikanna var Grammy-verðlaunahafinn Pinetop Perkins og segir KK hann hafa komið einstaklega vel fyrir. „Pinetop var alúðlegur og skemmtilegur. Ég hitti hann fyrir fimmtán árum, þegar ég spilaði með honum á Hressó. Hann var miklu fjörugri þá, enda orðinn 95 ára gamall núna. Pinetop hafði ekki mikið úthald, en spilaði fimm eða sex lög og gerði það mjög vel. Hann var svolítið til hlés og sagði ekki mikið en var mjög kátur ef maður spurði hvort maður mætti taka mynd af honum, það fannst honum skemmtilegt," útskýrir KK.

Aðspurður segir hann umboðsmann Perkins fylgja honum hvert fótmál. „Willie Smith og umboðsmaðurinn hans, sem er kona um sextugt, fylgja honum og hugsa voðalega vel um hann. Pinetop spilar ennþá á hverju einasta kvöldi á klúbbi í Austin í Texas þar sem hann býr, en svo þegar honum leiðist vill hann fara að túra, enda elskar hann að ferðast. Honum finnst bara verst að mega ekki reykja um borð í flugvélinni," segir KK og brosir.

alma@frettabladid.is



**SPILAR Á HVERJU KVÖLDI** Pinetop Perkins, 95 ára, spilar á hverju kvöldi í Austin í Texas auk þess að túra.



**GÓÐ STEMNING** KK segir einhvern galdur hafa verið í loftinu.



**MÆTT Á SVÆÐIÐ** Pinetop Perkins mætti á tónleikana á Hilton Nordica hótelið í fylgd Willie Smith og umboðskonu sinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


AB VARAHLUTIR - ALLTAF BETRI
Sími: 567 6020

VARAHLUTIR
26% sparnaður!

Atlantsolía hefur samið við **AB-varahluti** Bíldshöfða 18. Þannig njóta dælulyklahafar Atlantsolíu **12%** afsláttar af varahlutum.

VW Passat – 2001 1.8
Með 15% **N1** afslætti: **85.734**

VW Passat – 2001 1.8
3 ára ábyrgð á boddíhlutum
Með 12% **AO** afslætti: **63.680**



**Mismunur 26% eða 22.054 kr.**

Sæktu um ókeypis dælulykil, www.atlantsolia.is

ATLANTSOLIA
Atlantsolía - Lónsbraut 2 220 Hafnarfirði - Sími 591 3100 - atlantsolia@atlantsolia.is
Verðkönnun gerð af Atlantsolíu.

PIPAR • SÍA • 90645



**GLÆSILEG Á FRUMSÝNINGU** Forsetahjónin Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff heilsuðu upp á leikstjórann Andra Snæ Magnason og framleiðandann Sigurð Gísla Pálmason fyrir frumsýningu Draumalandsins. Dorrit klæddist lopapeysu sem Bergþóra Guðnadóttir í Farmer's Market hannaði sérstaklega fyrir hana. Þegar Martha Stewart heimsótti forsetahjónin í fyrra hreifst hún svo af peysunni að Bergþóra varð að hanna eina slíka handa henni líka. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Draumalandinu var vel fagnað

**Kvikmyndin Draumalandið var frumsýnd fyrir troðfullu Háskólabíói á þriðjudagskvöld. Frumsýningargestir virtust hæstánæðir með myndina.**

Gestir á frumsýningu Draumalandsins á þriðjudagskvöld höfðu á orði að langt væri síðan bekkurinn í Háskólabíói hefði verið svona þétt setinn. Sigurður Gísli Pálmason, framleiðandi myndarinnar, hélt ræðu áður en myndin var sýnd. Í öllum spenningnum gleymdi hann að tilkynna gestum hvar halda ætti frumsýningarpartíið og þurfti að hrópa hljóðnemalaus yfir salinn. Veislan var haldin á B5 og þar var skálað fram eftir kvöldi.



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar, mætti ásamt Hjörleifi Sveinbjörnssyni eiginmanni sínum.



Bóksalinn og rokksöngvarinn Óttarr Proppé var á hraðferð inn í sal.



Guðrún Tinna Ólafsdóttir, dóttir Ólafs Ragnars Grímssonar, og Karl Pétur Jónsson, eiginmaður hennar, voru meðal gesta.



Stefán Baldursson og Þórunn Sigurðardóttir láta sig sjaldnast vanta á viðburði sem þennan.

# Harry Potter-stjarna handtekin

Enska ungstirnið Jamie Way-lett var handtekinn af lögreglunni í London eftir að átta pokar af kannabisefnum fundust í bíl hans. Breskir fjölmiðlar greindu frá þessu í gær. Fyrir þá sem kveikja ekki alveg á nafninu Waylett þá hefur hann leikið eineltispúkann Vincent Crabbe í öllum Harry Potter-kvikmyndunum.

Lögreglan í London vildi ekki staðfesta að Waylett hefði verið handtekinn en greindi frá því að hún hefði handtekið tvo nítján ára pilta, grunaða um eiturlyfjaneyslu. Þegar hún rannsakaði heimili annars þeirra kom í ljós töluvert magn kannabisplantna auk búnaðar til að stunda ræktun. Mennirnir voru látnir lausir gegn tryggingu þar til í júní, sem bendir til þess að lögreglan ætli sér að rannsaka málið enn frekar.



**ALLT Í HASSI** Leikarinn Jamie Waylett var handtekinn af lögreglunni í London með átta poka af kannabisefnum.




# Plötur Bítlanna endurútgefnar

Allar plötur Bítlanna verða gefnar út að nýju í september. Tæknimenn hafa legið yfir gömlu upptökunum og hafa þær nú fengið stafræna endurhljóðblöndun af bestu gerð. Um er að ræða allar 13 hljóðversplötur hljómsveitarinnar og Past Masters-safnplöturnar. Útgáfudagur er 9. september, sami dagur og Rock Band-leikur með lögum Bítlanna kemur út.

Vefsíða breska tónlistartímaritsins NME greinir frá því að hópur tæknimanna í Abbey Road-hljóðverinu hafi eytt síðustu fjórum árum í að endurhljóðblanda plöturnar. Sagt er að útkoman sé frábær og lögin hafi aldrei notið sín eins vel. Þetta er í fyrsta sinn síðan 1987 sem lög Bítlanna eru endurhljóðblönduð fyrir geisladisk.

Hægt verður að kaupa plöturnar hverja í sínu lagi eða allar saman í kassa. Auk þessa verður gefinn út kassi með plötunum í mónó. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort plötur Bítlanna verða seldar á Netinu til niðurhals.



**BÍTLARNIR ENDURÚTGEFNIR** Allar plötur Bítlanna hafa verið endurhljóðblandaðar og verða gefnar út að nýju í september. NORDICPHOTOS/GETTY

# Þórhallur Gunnarsson fórnarlamb í aprílgabbi

**Þórhallur Gunnarsson var fórnarlamb í aprílgabbi þetta árið. Grínarinn skrifaði tölvubréf í nafni dagskrárstjórans sem hafði ekki húmor fyrir uppátækinu þegar það komst upp.**



**MENNIRNIR SEM SÁTU FUNDINN MEÐ ÞÓRHALLI** Voru með einkennilegt og illa orðað bréf í höndum, að því er virtist frá Þórhalli, þar sem sagt var að lausn væri fundin á málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Nei, Þórhalli fannst þetta ekki mjög fyndið. Við áttum fund með honum og lögðum fram bréfið en hann kannaðist ekki neitt við neitt,“ segir Einar Benediktsson hjá AM events, sem sér um söngkeppni framhaldsskólanema.

Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri á RÚV, var fórnarlamb einhvers best heppnaða aprílgabbsins þetta árið. Fulltrúar framhaldsskólanema lögðu fram á fundi útprentað bréf sem virtist vera frá Þórhalli – bréf sem Þórhallur kannaðist svo ekkert við að hafa skrifað.



**ÞÓRHALLUR GUNNARSSON** Brosti ekki einu sinni út í annað þegar AM Eventsmenn lögðu bréfið „frá honum“ fram á fundinum.

Nokkur fréttaflutningur hefur verið að undanförnu um að Ríkisútvarpið ætli ekki að sýna frá söngkeppni framhaldsskóla nú í ár en keppnin verður haldin á Akureyri 8. apríl. Stöð 2 kemur hins vegar til bjargar og sendir beint frá keppninni. AM Events sér um keppnina fyrir hönd framhaldsskólanema og þeir Einar, Tindur Óli og Andri Geirsson, töldu sig eiga bókaðan fund með Þórhalli í Efstaleitinu 1. apríl til að ganga frá ýmsum lausum endum. Áður en til fundarins kom höfðu eðlilega verið nokkur tölvupóstssamskipti milli Þórhalls og AM Events. Svo barst AM Events óvænt og gleðilegt svarbréf frá Þórhalli þar sem segir að komin sé lausn, fengist hafi kostunaraðili og RÚV muni senda frá keppninni. Og rétt sé að þeir mæti til fundar klukkan tólf.

„Okkur þótti þetta furðulegt, skemmtilega en illa orðað bréf. Og Þórhallur er vel máli farinn. Þar að auki 1. apríl svo við glottum og mættum á fundinn með tölvupóstinn útprentaðan. Og spurðum Þórhall hvort þetta væri ekki örugglega satt. Svo reyndist ekki vera. Ég hef séð Þórhall brosa meira, óhætt að segja það,“ segir Einar.

Þórhallur segir að hann hafi rekið augun í tölvupóst til sín tíu mínútur fyrir tólf 1. apríl þar sem staðfest er að Einar og félagar muni mæta á boðaðan fund klukkan tólf. „Ég velti því fyrir mér hvað lægi að baki því ég hafði ekki boðað þá á neinn fund. Nei, mér er ekki skemmt þegar tölvubréf eru send í mínu nafni. Og mér lögð orð í munn. Það er ekkert flókið.“ Þórhallur lét tölvudeild sína rannsaka málið og hún komst að því að hægt er að senda svona platpóst utanhúss. Þórhallur segist ekki kunna á slík tölvutrix. Hann segir þetta ekki merkilegt mál og honum hafi jafnvel fundist þetta fyndið seinna. „En í stærra samhengi hefði þetta getað orðið alvarlegra og skuldbindingar hefðu getað legið að baki sem koma einhverjum í vandræði. Þeir komu þarna í góðri trú um að ég vildi hitta þá. En þetta leystist allt.“

**jakob@frettabladid.is**


NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu | | |
|---|---|---|
| I LOVE YOU MAN | kl. 5.40 - 8 - 10.10 | 12 |
| I LOVE YOU MAN LÚXUS | kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.10 | 12 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| DRAGONBALL | kl. 1 - 3 | 7 |
| FRANKLÍN & FJARSJÓÐURINN | kl. 1 - 3 | L |
| FAST AND FURIOUS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| MONSTERS VS ALIENS 3D | kl. 1 - 3.20 ísl. tal | L |
| MONSTERS VS ALIENS | kl. 1 - 3.20 ísl. tal | L |
| MALL COP | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu | | |
|---|---|---|
| DRAUMALANDIÐ | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| DRAGONBALL | kl. 8 - 10 | 7 |
| FAST AND FURIOUS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| CHOKE | kl. 6 - 10.10 (Ekkert hlé) | 14 |
| THE BOY IN THE STRIPED PYJAMAS | kl. 3 - 8 | 12 |
| THE READER | kl. 5.40 | 14 |
| FRANKLÍN & FJARSJÓÐURINN | kl. 4 | L |
| BLÁI FÍLLINN | kl. 3 | L |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ! | | |
|---|---|---|
| MALL COP | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| DRAGONBALL | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| MARLEY AND ME | kl. 3 - 5.30 - 8 | L |
| KILLSHOT | kl. 8.20 - 10.20 | 16 |
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 3 - 5.30 - 10.20 | 12 |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu | | |
|---|---|---|
| I LOVE YOU MAN | kl. 5.50 - 8 - 10 | 12 |
| FAST AND FURIOUS | kl. 5.50 - 8 - 10 | L |
| MALL COP | kl. 4 | |
| FRANKLÍN & FJARSJÓÐURINN | kl. 2 - 4 | |
| BLÁI FÍLLINN | kl. 2 | |

AUKAKRÓNUR 5%
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| I LOVE YOU MAN | kl. 5.50, 8 og 10.15 | 12 |
| FRANKLÍN - Ísl. tal | kl. 2(500 kr) og 4 | L |
| FAST & FURIOUS | kl. 5.50, 8 og 10.15 | 12 |
| MONSTERS VS. ALIENS 3D | kl. 2(850 kr), 4, 6 Ísl tal | L |
| MONSTERS VS. ALIENS | kl. 2(500 kr) og 4 Ísl tal | L |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 8 og 10.15 | 12 |

GLEÐILEGA PÁSKA - LAUGARÁSBÍÓ ER OPIÐ ALLA PÁSKANA
SÝNINGARTÍMAR GILDA SKÍRDAG OG FÖSTUDAGINN LANGA




SPARBÍÓ KR 550 Á MYNDIR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU, KR. 850 Á 3D MYNDIR MERKTAR GRÆNU

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| I LOVE YOU MAN | kl. 6 - 8 - 10:20 | 12 |
| I LOVE YOU MAN | kl. 3:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| PUSH | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| MONSTER... | kl. 1:30(3D)3:40(3D) - 5:50(3D) ísl.tali | L |
| MONSTER... | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 m/ísl. tali | L |
| MONSTERS VS ALIENS | kl. 8:10 m/ensku tali | L |
| FAST & FURIOUS | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| KNOWING | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| WITCH MOUNTAIN | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| DUPLICITY | kl. 3:40 | 12 |
| WATCHMEN | kl. 10:20 | 16 |
| GRAN TORINO | kl. 1:30 - 5:50 | VIP |
| CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| DESPERAUX m/ísl. tali | kl. 1:30 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| PUSH | kl. 8:10 - 10:30 ísl.tali | 12 |
| MONSTERS... m/ísl. tali | kl. 2(3D) - 4(3D) - 6(3D) | L |
| MONSTERS VS ALIEN | kl. 2 - 4 - 6 m/ensku tali | L |
| MONSTERS VS ALIEN | kl. 8(3D) (ótextuð) | L |
| KNOWING | kl. 10:10D | 12 |
| BAADER MEINHOF COMPLEX | kl. 6 - 9 | 16 |
| WITCH MOUNTAIN | kl. 1:50 | L |
| CONFESSIONS OF A SHOPAHOLIC | kl. 3:50 | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| DUPLICITY | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali | kl. 4 - 6 - 8 | L |
| FRAGLING OG FJÁRS... m/ísl. tali | kl. 4 (kr. 650) | L |
| ÆVINTÝRI DESPEREAUX m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| VALKYRIE | kl. 10:20 | 16 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali | kl. 4 - 6 - 8 | L |
| PUSH | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| WITCH MOUNTAIN | kl. 4 | 7 |
| KNOWING | kl. 10 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| MALL COP | kl. 8 - 10 | L |
| KILLSHOT | kl. 10 | 16 |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali | kl. 4 - 6 | L |
| LAST CHANCE HARVEY | kl. 8 | L |
| FRANKLIN OG FJÁRSJÓÐ... m/ísl. tali | kl. 4 | L |
| THE TALE OF DESPERAUX m/ísl. tali | kl. 6 | L |

OPIÐ ALLA PÁSKANA
GLEÐILEGA PÁSKA
SÝNINGARTÍMAR GILDA ALLA PÁSKANA

SMÁRABÍÓ TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ






# „Ó, leyf mér þig að leiða til landsins fjalla heiða“

„Þetta er eins konar loftárás á orð, hugmyndir og hugarfar sem hafa legið allt of lengi í loftinu án þess að hafa verið skotin almennilega niður,“ sagði Andri Snær Magnason þegar Draumalandið – Sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð kom út fyrir að verða þremur árum síðan. Bókin var hvöss ádeila á ríkjandi virkjanaviðhorf og stóriðjustefnu, þrungin erindi og sannfæringu sem hafði ekki sést í pólitískum skrifum í háa herrans tíð. Viðbrögðin voru líka eftir því; bókin seldist í fáheyrðum fjölda eintaka á íslenskan mælikvarða og er tvímælalaust eitt áhrifaríkasta innlegg í íslenska þjóðmálaumræðu í seinni tíð.

Það hefur því ef til vill legið nokkuð beint við að flytja Draumalandið yfir á hvíta tjaldið og þótt bókin hafi haft sér það til fulltingis að koma eins og þruma úr heiðskíru lofti er kvikmyndin síst áhrifaminni. Mörgu úr bókinni er vissulega haldið til haga ¬– til dæmis sundurgreiningu á sjálfgefnum hugtökum á borð við hagvöxt – en helsti styrkleiki myndarinnar felst í því að í stað þess að takmarka sig við texta bókarinnar fanga höfundarnir grunnhugmyndina upp á nýtt á forsendum myndmiðilsins. Þetta lukkast frábærlega. Stórbrotnar náttúrumyndir ásamt nýlegum fréttainnslögum og frumunnum viðtölum leggjast á eitt í kraftmikilli árás á stóriðjustefnu síðustu ára. Þótt frásögnin sé ekki línuleg heldur hún sig ávallt við efnið og dregur upp skuggalega mynd af því hvernig æði greip stóran hluta þjóðarinnar.

Það eru mörg athyglisverð viðtöl í myndinni við vísindamenn, hagfræðinga, ábúendur í grennd við virkjanir og fleiri sem bregða merkilegu ljósi á málefnið. Það var athyglisvert að hlusta á Jakob Björnsson, fyrrverandi orkumálastjóra, lýsa sér sem fulltrúa kynslóðarinnar sem afhelgaði náttúruna, ef svo má að orði komast; hætti að óttast hindurvitnin á hálendinu og lagði það undir sig í staðinn. Þetta er merkileg innsýn inn í hugmyndafræði og lífsspeki þeirra sem ráðið hafa virkjunarstefnu hér á landi undanfarna áratugi; þar sem landgildið er fyrst og fremst metið út frá nýtingarmöguleikum.

Enginn kemur jafn illa út úr myndinni og þeir sem réðu ferðinni, stjórnmálamennirnir, sem eru dregnir sundur og saman í háði með því einu að sýna gömul myndskeið af þeim sjálfum eða vitna í orð sem voru látin falla á „góðri stund“; uppákomum sem á sínum tíma voru einungis vandræðalegar en eru í ljósi þess sem átti eftir að gerast orðnar pínlegar. Þá eru áhrifamikil viðtöl við ábúendur á Héðinshöfða, Prestshvammi og Húsey skýrt vitni um blygðunarlausa tækifærismennsku þeirra landsbyggðarþingmanna, sem í nafni byggðastefnu berjast fyrir eflingu bæði stóriðju og landbúnaðar, líkt og þau geti þrifist í sjálfbærri sátt.

Sjálfsagt verða ekki allir sammála þeirri mynd sem dregin er upp en til þess er leikurinn ekki gerður; Draumalandið er ádeila, árás á ríkjandi hugmyndafræði studd skýrum dæmum. Þetta er ekki þurr og hlutlaus skýrsla, það er aldrei farið í launkofa með það að myndin talar fyrir ákveðnum málstað og höfðar jafnt til rökhugsunar og tilfinninga (andófinu er meðal annars beinlínis stefnt gegn því hvernig tilfinningarökum hefur verið úthýst í þjóðmálaumræðunni). Það má þó finna að myndinni að þótt um ádeilu sé að ræða, reynir hún stundum á sanngirnismörkin með notkun á afdráttarlausu myndmáli, til dæmis snarkandi rafmöstur á víðavangi, til að skapa „réttu“ hughrifin við málflutning valinna viðmælanda.

Mestu áhrif Draumalandsins felast þó í því að myndin hristir upp



í áhorfendanum, neyðir hann til þess að líta í eigin barm og í tilfelli þess sem hér skrifar skammast sín fyrir hálfvelgjuna; að hafa látið það reka á reiðanum að mynda sér skoðun, í besta falli goldið varhug við stefnunni án þess að aðhafast nokkuð.

Draumalandið átti drjúgt erindi þegar það kom út á prenti fyrir þremur árum. En ef bókin var loftárás á orð, hugmyndir og hugarfar, má líkja myndinni við eftirleikinn þar sem landgönguliðið er sent á vettvang og lætur kné fylgja kviði. Fyrir fimm árum kepptust stjórnmálaflokkar við að lofa að „skapa“ 2.000 störf í einu vetfangi. Störfin sem þeir lofa að skapa um þessar mundir eru tífalt fleiri. Spurningin sem Draumalandið spyr hefur aldrei verið brýnni: Viljum við láta „bjarga“ okkur aftur?

**Bergsteinn Sigurðsson**

**KVIKMYNDIR**

**Draumalandið**

Leikstjórar: Andri Snær Magnason og Þorfinnur Guðnason.

Framleiðandi: Sigurður Gísli Pálmason.

★★★★

Áhrifamikil og brýn áminning um að afstöðu- eða gagnrýnisleysi er munaður sem við getum ekki leyft okkur – allra síst núna.



**GEORGE LUCAS** Lucas hyggur á framleiðslu myndarinnar Red Tails sem gerist í seinni heimsstyrjöldinni.

## Framleiðir stríðsmynd

Höfundur Star Wars, George Lucas, undirbýr nú framleiðslu myndarinnar Red Tails. Hún gerist í seinni heimsstyrjöldinni og fjallar um fyrstu þeldökku orrustuflugmennina í sögu Bandaríkjanna, sem kölluðu sig Tuskegee Airmen. Stél flugvéla þeirra voru lituð rauð og þaðan er titill myndarinnar fenginn. Á meðal leikara í myndinni verða Terrence Howard, Cuba Gooding Jr., og tónlistarmennirnir Method Man og Ne-Yo. „Mig hefur langað að gera Red Tails í tuttugu ár og loksins búum við yfir réttu tækninni til að sýna hæfileika Tuskegee-flugmannanna,“ sagði Lucas.

## Skrifaði dóm og var rekinn

**Kvikmyndagagnrýnandinn Roger Friedman hefur verið rekinn frá bandarísku fréttastofunni Fox News eftir að hann birti á bloggi sínu dóm um óklárađa útgáfu af myndinni X-Men Origins: Wolverine sem hafði verið lekið á netið.**

**Dómurinn birtist í síðustu viku og var strax harðlega gagnrýndur af netverjum. Kom hann sér sérlega illa fyrir News Corp sem er eigandi bæði Fox News og 20th Century Fox, sem framleiddi Wolverine, því svo gæti farið að fyrirtækið verði af miklum tekjum vegna netlekans. Friedman hafði starfað í áratug hjá Fox News en var engu að síður látinn taka pokann sinn.**










## > Liðið sem kemst í 2-1 verður meistari

KR og Grindavík leika í kvöld þriðja leik sinn í úrslitaeinvígi sínu um Íslandsmeistaratitil Iceland Express-deildar karla. Mikilvægi leiks kvöldsins er mjög mikið, ekki síst ef hann er settur í samhengi við þróun mála í lokaúrslitunum undanfarinn rúma áratug. Frá því að úrslitakeppnin tók núverandi mynd árið 1997 hefur það lið sem hefur unnið þriðja leikinn í stöðunni 1-1 alltaf orðið meistari. Þetta hefur gerst í sex skipti, þar af fjögur ár í röð frá 2004 til 2007. Von tapliðsins í kvöld liggur í því að rifja upp árin 1991, 1992 og 1994. Þá þurfti einnig að vinna þrjá leiki og í öll þessi þrjú skipti lentu verðandi meistarar 1-2 undir.







**TEKIÐ Á ÞVÍ** Ljóst er að þeir Brenton Birmingham og Jón Arnór Stefánsson munu oft eigast við á vellinum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Grindavík þarf að sýna sitt allra besta

**Í kvöld fer fram þriðji leikur KR og Grindavíkur í einvígi liðanna um Íslandsmeistaratitil karla. Hlynur Bæringsson spáir í spilin fyrir Fréttablaðið.**

**KÖRFUBOLTI** KR tekur á móti Grindavík á heimavelli í kvöld í þriðja leik liðanna um Íslandsmeistaratitil karla. Staðan er jöfn í einvíginu, 1-1, eftir að bæði lið unnu á heimavelli í fyrstu tveimur leikjunum.

Hlynur Bæringsson, þjálfari og leikmaður Snæfells, þekkir vel til beggja liða en hans lið tapaði í undanúrslitum fyrir Grindavík. Fréttablaðið leitaði hans álits fyrir leik kvöldsins.

„Ég var búinn að spá því að þetta einvígi færi 3-1,“ sagði Hlynur. „Ég held til dæmis að ef Grindavík ætlar að vinna titilinn verði liðið helst að vinna í kvöld og svo fjórða leikinn á heimavelli. Þeir verða að taka einn leik á heimavelli KR og mér finnst ekki líklegt að þeir geri það í fimmta leiknum.“

Hann segir þó að KR sé sigurstranglegri aðilinn í leiknum í kvöld. „KR er með fáránlega sterkt lið, sérstaklega á heimavelli. Það er mjög erfitt fyrir hvaða íslenskt lið sem er að ætla að vinna þarna. Ef Grindavík ætlar að takast að vinna KR á útivelli þurfa margir leikmenn liðsins að eiga sinn allra besta leik á tímabilinu.“

Hlynur segir að báðir leikirnir til þessa í rimmu liðanna hafi verið mikil skemmtun enda mjög hraðir og fjörugir. „Bæði lið kunna að skjóta og hlaupa. Ég tel að þetta gæti ráðist á því hvort liðið stendur sig betur í sóknum sem það þarf að stilla upp á hálfum velli.“

Sem fyrr segir telur Hlynur að KR sé sigurstranglegra liðið í kvöld og að það sé því í kjörstöðu. „Ef þú ert með besta liðið þarftu ekki að gera neitt sérstakt til að vinna. Það eru öll hin liðin sem þurfa eitthvað sérstakt. Ég tel að Grindvíkingar þurfi að hitta á góðan leik í langskotum eins og þeir geta vissulega gert. Og ef þeim tekst líka að halda þeim Jóni Arnóri og Jakobi sæmilega niðri eiga þeir ágætan möguleika.“

En þótt þeir tveir séu hvað mest áberandi í liði KR telur Hlynur að miðherjinn Fannar Ólafsson gegni algjöru lykilhlutverki.

„Þeir þurfa að passa sig að lenda ekki í villuvandræðum og þá sérstaklega Fannar. Hann heldur ákveðnu jafnvægi í liðinu og þeir sem koma inn fyrir hann eru oftar en ekki skyttur. KR á nóg af skyttum. Fannar er hins vegar mjög mikilvægur í vörn og fráköstum. Ef hann spilar vel held ég að KR vinni í kvöld.“

eirikur@frettabladid.is

## ÚRSLIT

### Meistaradeild Evrópu

**Liverpool - Chelsea 1-3**
1-0 Fernando Torres (6.), 1-1 Branislav Ivanovic (39.), 1-2 Branislav Ivanovic (62.), 1-3 Didier Drogba (67.).

**Barcelona - Bayern München 4-0**
1-0 Lionel Messi (9.), 2-0 Samuel Eto'o (12.), 3-0 Lionel Messi (38.), 4-0 Thierry Henry (43.).

### Danska úrvalsdeildin

**SönderjyskE - FC Kaupmannahöfn 1-2**
Sölvi Geir Ottesen skoraði mark SönderjyskE.

### Þýska úrvalsdeildin

**Magdeburg - Nordhorn 35-29**
**Gummersbach - Stralsunder 41-20**
Róbert Gunnarsson skoraði fjögur mörk fyrir Gummersbach.

**Rhein-Neckar Löwen - Minden 28-20**
Guðjón Valur Sigurðsson skoraði tíu mörk fyrir Rhein-Neckar Löwen. Gylfi Gylfason skoraði tvö mörk fyrir Minden en Ingimundur Ingimundarson var ekki í leikmannahópi liðsins.

**Dormagen - Flensburg 26-20**
Alexander Petersson var ekki í leikmannahópi Flensburg vegna meiðsla.

**Hamburg - Lemgo 32-24**
Vignir Svavarsson skoraði eitt mark fyrir Lemgo en Logi Geirsson var ekki með vegna meiðsla.

### Lengjubikar karla

**Keflavík - Grindavík 1-3**
0-1 Scott Ramsay (64.), 0-2 Gilles Ondo (67.), 0-3 Emil Símonars. (68.), 1-3 Sigurbergur Elíss. (83.).

# Ivanovic kláraði Liverpool á Anfield

**Chelsea vann afar öflugan 3-1 útivallarsigur á Liverpool í fyrri leik liðanna í fjórðungsúrslitum Meistaradeildar Evrópu. Á sama tíma vann Barcelona 4-0 stórsigur á Bayern München á heimavelli sínum.**

**FÓTBOLTI** Chelsea og Barcelona eru komin með annan fótinn í undanúrslit Meistaradeildar Evrópu eftir örugga sigra í fyrri leikjum liðanna í fjórðungsúrslitum keppninnar í gær.

Chelsea vann 3-1 sigur á Liverpool á Anfield og er því í sterkri stöðu fyrir síðari leik liðanna sem fer fram í Lundúnum. Barcelona gerði sér lítið fyrir og hreinlega slátraði Bayern München á heimavelli sínum. Gestirnir voru heppnir að fá ekki mun fleiri mörk á sig.

Þetta er fimmta árið í röð sem Liverpool og Chelsea mætast í Meistaradeildinni og er óhætt að segja að leikurinn í gær hafi verið einn af allra fjörugustu viðureignum liðanna á þessum tíma.

Heimamenn fengu draumabyrjun er Fernando Torres kom þeim yfir eftir einungis fimm mínútna leik. Leikmenn Chelsea létu þó ekki heimamenn slá sig út af laginu og byrjuðu að sækja stíft. Didier Drogba fékk tvö dauðafæri en það var varnarmaðurinn Branislav Ivanovic sem reyndist hetja gestanna.


**HETJUNNI FAGNAÐ** Branislav Ivanovic er hér fagnað af samherjum sínum hjá Chelsea en hann skoraði tvívegis í 3-1 sigri liðsins gegn Liverpool í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hann var í byrjunarliðinu í fjarveru Jose Bosingwa sem á við meiðsli að stríða og nýtti tækifæri sitt til fulls. Hann skoraði tvö mörk, bæði með skalla eftir hornspyrnu og Drogba innsiglaði svo sigurinn eftir laglegan undirbúning þeirra Michael Ballack og Florent Malouda.

Miklu munaði að Michael Essien átti stórleik á miðjunni hjá Chelsea og hélt Steven Gerrard í skefjum eftir að Liverpool komst yfir í leiknum. John Terry, fyrirliði Chelsea, fékk gult í leiknum og verður því í banni í næsta leik.

„Við byrjuðum mjög vel í leiknum en eftir að við skoruðum hættum við að spila vel og gáfum boltann mikið frá okkur. Við töpuðum fyrir góðu liði sem spilaði vel. Við vorum ekki að spila samkvæmt okkar getu," sagði Rafael Benitez, stjóri Liverpool. „Þeir eru líka sterkir í loftinu og við fengum á okkur tvö slík mörk."

Barcelona niðurlægði Bæjara á heimavelli sínum í gær með stórglæsilegum fyrri hálfleik. Lionel Messi skoraði tvívegis, Samuel Eto'o og Thierry Henry einu sinni hvor. En mörkin hefðu getað verið miklu fleiri.

Miðað við spilamennsku Þjóðverjanna í gær þurfa Börsungar litlar áhyggjur að hafa af síðari viðureign liðanna í München.

Pep Guardiola var vísað upp í stúku í gær af Howard Webb dómara fyrir að mótmæla dómgæslu þess enska í fyrri hálfleik.

eirikur@frettabladid.is


# Sendu persónuleg skeyti með þin[...] eigin [...]

Ný vara frá Póstinum gef[...] sendendum skeyta tækifa[...] á að nota myndasafnið á [...] skemmtilegan og skapand[...]

